

# Brímfaxi



**Magnús Jónsson**  
strandveiðar á Skagafirði  
bls: 26



**Veiðigjöldin drepa einyrkjautgerðina**  
Ungir og hressir á sjó  
bls: 12



**LIFE**  
Nú fiskimannasamtök í Evrópu  
bls: 38

Tímarit Landssambands smábátaeigenda 2. tbl. 2015

**Að láta drauminn rætast**

Magnús Jónsson veðurfræðingur

# Við stöndum vörð um öflug fyrirtæki



## Atlantsolía

Með 19 sjálfsafgreiðslu-  
stöðvum, birgðastöð og  
fjórnum olíubílum er hægt að  
 tryggja aukna samkeppni á  
eldsneytismarkaði á Íslandi.



## Brim

Þrír afkastamiklir frystitogarar  
og öflugt starfslíð tryggja  
Íslendingum hærrí útlutnings-  
tekjur af gæðahráefni.



## Isavia

Það þarf mikil umsvif til  
að tryggja öryggi á öllum  
flugvöllum landsins og sjá  
um nærri 5,5 milljóna km<sup>2</sup>  
flugstjórnarsvæði.



## Landsbankinn

Stærsta fjármálafyrirtæki á  
Íslandi með víðtækasta útibúa-  
netið tryggir trausta og alhliða  
fjármálaþjónustu um allt land.



## Hér er góður staður fyrir þitt fyrirtæki



## Landsvirkjun

Stærsta fyrirtæki landsins í  
orkuvinnslu vinnur 73% allrar  
raforku innanlands til að tryggja  
fólki og fyrirtækjum rafmagn.



## Marel

Eitt af stærstu útlutnings-  
fyrirtækjum Íslands tryggir  
markaðnum hugvitsamlegar  
lausnir til vinnslu matvæla.



## RÚV

Til að tryggja landsmönnum  
fréttir, skemmtun og fróðleik  
þarf fjölda starfsmanna,  
tækniúnað og húsnæði.



## Össur

Rannsóknir og nýsköpun  
styrkja stöðir atvinnulífsins með  
framleiðslu sem tryggir að fólk  
geti staðið á eigin fótum.

### Traustsins verðir

Vörður nýtur trausts hjá öflugum íslenskum fyrirtækjum og stofnunum.  
Áhersla okkar á einföld og þægileg viðskipti er nokkuð sem fyrirtæki af  
öllum stærðum og gerðum kunna að meta.

**Hafðu samband og fáðu tilboð í tryggingar þíns fyrirtækis.**



## Efnisyfirlit

Leiðari	2
Refsigleði eða hugsunarleysi?	6
Veiðigjöldin gera stöðu kvótalausra einyrkja nánast vonlausu	12
Í kjölfar aðalfundar	22
Skekið á Skagafirði	26
Veiða og sleppa – vit eða vitleysa?	32
Löngu tímabær samtök fiskimanna stofnuð í Evrópu	38
Öryggið í fyrirrúmi	42
Vélfræði 101	46
„Ruslveiðar“ - norskt tilraunaverkefni	48
Háværa dýr jarðar – miðað við stærð	50
Lúðuveiðibannið	52
Hvaðan kemur sú þrá?	56

---

**Útgefandi:** Landssamband smábátæigenda. **Formaður:** Halldór Ármannsson. **Framkvæmdastjóri:** Örn Pálsson. **Ritstjóri:** Arthur Bogason. **Ritnefnd:** Halldór Ármannsson, Arthur Bogason og Örn Pálsson. **Ábyrgðarmaður:** Arthur Bogason. **Umsjón með útgáfu:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Umbrot:** Nína. **Auglýsingar:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. Sími 892 2585 Netfang arthur@smabatar.is **Forsíðumynd:** Paulo Calisto **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 1400 eintök.



# Leiðari

## Þegar litið er til baka yfir árið eru þetta helstu mál LS í mínum huga.

Fyrst ber þar að nefna að öryggismál eru efst á baugi og hvernig betur megi auka öryggi og skilvirkni eftirlitskerfis sjófarenda þ.e.a.s. AIS kerfisins. Einnig að farið verði yfir þá þætti sem lúta að eftirliti og virkni björgunartækja sem eru um borð í bátunum. Sú staða má aldrei koma upp að öryggi sjófarenda minnki vegna sparnaðar hins opinbera.

Aflaregla í þorski sem hefur verið í gildi síðan 2007 var tekin til endurskoðunar á árinu í aflareglunefnd. Vonbrigði okkar urðu mikil þegar frá nefndinni komu þau skilaboð að engar breytingar yrðu gerðar á aflareglunni. Samantekt LS leiddi í ljós að á undanförunum fjórum árum höfum við verið að veiða um 19% af þorskstofninum á hverju fiskveiðiarí en ekki 20% eins og aflareglan hljóðar uppá. Bara þessi mismunur er um 70 þúsund tonn og munar nú aldeilis um þann afla. Þorskstofninn hefur ekki verið stærri síðan 1980 og hrygningarstofn hans hefur ekki verið stærri síðan 1962. Ef

það er ekki lag núna til þess að auka skynsamlega við veiðina, hvenær verður það þá?

Svona stór þorskstofn þarf líka mikið að borða og aðalfæða hans er loðna. Hvað er að gerast með loðnuna? Útgefinn loðnukvóti um þessar mundir er um 44 þúsund tonn og hlutur Íslendinga er um 9 þúsund vegna samninga við Norðmenn og Færeyinga. Þurfum við að huga að því að hætta að veiða loðnu og skilja hana eftir sem fæðu fyrir þorskin í sjónum?

Ekki má gleyma makrílnum sem settur var í kvóta en þó aðeins til eins árs. Möguleikunum hjá mörgum var útt út af borðinu með því að reyna fyrir sér við veiðar á þessari fisktegund sem svo til nýlega fór að venja komur sínar hér að ströndum landsins. Ekki bætti úr skák að stjórnvöld í Rússlandi svöruðu viðskiptabanni Íslands í sömu mynt og hættu viðskiptum við okkur með allar fiskafurðir. Þar með hrundi afurðaverð á makríl og öðrum uppsjávarfiski og bundinn var endir á 60 ára gamla viðskiptasögu við Rússland.

## Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Aðilarfélög Landssambands smábátaeigenda senda félagsmönnum sem landsmönnum öllum sínar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Árborg, félag smábátaeigenda á Suðurlandi  
Smábátafélag Reykjavíkur  
Báran, félag smábátaeigenda í Hafnarfirði  
Elding, félag smábátaeigenda í Ísafjarðarsýslum  
Farsæll, félag smábátaeigenda í Vestmannaeyjum  
Félag smábátaeigenda á Austurlandi  
Fontur, félag smábátaeigenda á Norð-Austurlandi  
Hrollaugur, félag smábátaeigenda á Hornafirði

Klettur, félag smábátaeigenda á Norðurlandi eystra  
Reykjanes, félag smábátaeigenda á Reykjanesi  
Sæljón, félag smábátaeigenda á Akranesi  
Skalli, félag smábátaeigenda á Norðurlandi vestra  
Smábátafélagið Strandir  
Snæfell, félag smábátaeigenda á Snæfellsnesi  
Strandveiðifélagið Krókur

Fyrir nýbyrjað fiskveiðiár voru gerðar breytingar á lögum um veiðigjöld. Það liggur fyrir að talsvert var hlustað á þau rök LS sem færð voru fyrir því að veiðigjöld sem áætlað var að lögð yrðu á væru alltof há. Ekki var nóg að gjaldið hækkaði pr. kíló því einnig var þeirri viðmiðun breytt að miðað skyldi við landaðan óslægðan afla en ekki útgefna aflahlutdeild. Þar náðist fram lækkun. Einnig átti að fella burt allan afslátt. Þó náðist í gegn að 20% afsláttur kæmi til allra sem greiða að 4,5 milljónum í veiðigjöld og 15% afsláttur af næstu 4,5 milljónum.

Þessa dagana er LS að vinna að því að ná saman eins stórum hóp smábátæigenda og mögulegt er til þess að taka þátt í olíuútboði sem samstarfsaðilar LS standa fyrir. Reyna á að ná fram mesta mögulega afslætti á olíu til félagsmanna. Þar reynir á samstöðu félagsmanna til að ná saman sem stærstum hóp í magnkaupum.

Á nýafstöðnum aðalfundi Landssambands smábátæigenda var samþykkt að nýstofnað smábátafélag, Drangey í Skagafirði yrði 16. svæðisfélag LS með 29 félagsmenn. Óska ég þess að þar vinni félagsmenn öfluglega þannig að samhljómur með LS verði sem mestur og auki styrk félagsmanna sem heild.

Einnig samþykkti fundurinn að barist verði til þrautar fyrir þeirri hógværu kröfu að strandveiðar megi stunda 4 daga í viku og 4 vikur í mánuði með sömu formerkjum og fyrir eru í kerfinu í dag. Ekkert hámark verði á hverju svæði. Með því er vonast til að sókn þeirra sem í kerfinu eru verði hófstílltari í misjöfnum eða slæmum veðrum og



**Almanak**  
**Hins íslenska**  
**þjóðvínafélags**  
**2016**  
ásamt  
**Árbók Íslands 2014**

komið  
í helstu  
bókaverlanir  
um land allt.

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N  
haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003

sjómenn skapi sjálfum sér og öðrum ekki hættu vegna minnkandi sóknarmarks á hverju tímabili.

Að sama skapi verður fróðlegt að horfa til þess hverjar aðgerðir stjórnvalda í þágu þessa útgerðarflokks verða því strandveiðitímabilið á árinu 2016 verður það síðasta sem þessi ríkisstjórn hefur með að gera. Strandveiðitímabilið sem verður á árinu 2017 mun geta tekið breytingum frá þeim stjórn málaöflum sem þá verða kjörin til setu á Alþingi enda verða alþingiskosningar í maí það ár. Miðað við þær umræður og yfirlýsingar sem hafa átt sér stað bendir margt til þess að búast megi við umtalsverðum breytingum.

Aðgerðir stjórnvalda til þess að beina yngra fólki eða nýliðum í að hefja útgerð eða reyna að fóta sig á þessum vettvangi eru engar þrátt fyrir að bent hafi verið á þann þátt að nauðsynlegt sé að vekja áhuga þeirra á þessum þætti atvinnulífsins.


Það þarf að eiga sér stað eðlileg endurnújun í þessari stétt eins og öðrum stéttum atvinnulífsins. Það er ekkert sjálfgefið að þeir sem vilji reyna sig hafi möguleika til að komast að í einhverskonar útgerðarmynstri. Ríkisstjórnarflokkarnir skrifuðu undir stjórnarsamþykkt sem fól í sér meðal annars það mál að sporna gegn aukinni samþjöppun í greininni og stuðla að styrkingu þeirra dreifðu byggða sem þrjúða strendur landsins.

Það er talsvert umhugsunarefni að sitjandi sjávarútvegsráðherra hyggst ekki leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða á komandi þingi. Það er ekki þannig að allt sé í svo góðum málum varðandi stjórn fiskveiða að engar breytingar séu lagðar til. Mín skoðun er sú að samkomulag stjórnarflokkanna sé ekki í takt í þessum efnum og trú ráðherra á að ná fram málum til breytinga sé lítil.

Það er von mín að hægt verði að koma á fyrirkomulagi sem feli í sér þær aðgerðir að sem bestu og verðmætustu hráefni og helst öllu verði skilað á land. Þannig verði aukið verðmæti sjávarfangs og einnig að allar afurðir nýtist sem mest til manneldis.

Kæru félagsmenn og velunnarar! Ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.


**Halldór Ármannsson formaður**





*Frábært viðmót*




Maxsea Time Zero hugbúnaðurinn hefur nú fest sig í sessi og verið í stöðugri þróun. Sem dæmi má nefna að innflutningur gagna úr eldri gerð Maxsea er nú einfaldari og betri. Þá hafa ábendingar frá íslenskum skipstjórnarmönnum verið teknar til greina og allt hefur þetta orðið til þess að gera góðan búnað enn betri. Sem fyrr er hægt að kalla fram ýmisskonar upplýsingar á tvo skjái allt eftir þörfum hvers og eins.



Hægt er að tengja ratsjá við Time Zero og hafa hana annaðhvort með á aðalskjánum eða á öðrum skjá. Þá er einnig hægt að leggja ratsjármyndina yfir kortið og sjá þannig öll endurvörp frá ratsjanni á kortinu. Einnig er hægt að leggja gervitunglamynd yfir kortið.



Í Maxsea Time Zero eru einfaldleikinn og þægindi notandans höfð að leiðarljósi. Þannig er þysjað inn og út með því að snúa skrunhjólinu. Hér er ekki lengur um neina flettiglugga að ræða heldur er einfaldlega smelt á hnapp og hlutirnir gerast hratt og örugglega.



## Umfjöllun: Skyndilokanir og undirmálsaflí

# Refsigleði eða hugsunarleysi?

**H**inn mikli fjöldi skyndilokana sem framkvæmdur var í sumar fór varla fram hjá mörgum landsmönnum. Eftir hádegisfréttir ríkisútvarpsins var að jafnaði þulinn langur pistill yfir skyndilokanir hringinn í kring um landið, aðallega vegna handfæraveiða.

Ástæðan var nánast undantekningalaust hlutfall smáborsks í afla.

Í sumar kviknaði umræða meðal smábátaeigenda um þá aðferðafræði sem notuð er við skyndilokanir. Þannig gerist af og til að einn bátur, eða sárafáir, veiða á tilteknu svæði og við skoðun eftirlitsmanna kemur í ljós að hlutfall undirmálsafla einhvers þeirra er yfir viðmiðunarmörkum Hafró sem fyrir þorsku eru 25% í fjölda fiska (þorska) styttri en 55 sm.

Mörgum finnst þessi aðferðafræði úr sér gengin. Í framkvæmdinni er veruleikinn sá að öllum sem stunda samskonar veiðiskap bannaðar veiðar á viðkomandi svæði.

Þetta er sambærilegt við það að t.d. sá sem þetta ritar væri staðinn að því að keyra fullur, sektaður og sviptur ökuréttindum - og á sama tíma myndu allir landsmenn með samskonar bílpróf missa ökuskríteinið og sektaðir. Önnur samlíking getur verið sú að einhver asnaðist yfir á rauðu ljósi á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og í kjölfarið yrði báðum þessum stofnbrautum lokað í 5 km í báðar áttir í tvær vikur eða svo.

Það er vel þekkt meðal handfæramanna að langstærstur hluti smáborsks lifir af að vera dreginn af grunnu vatni. Örlítil talning sem framkvæmd var í sumar leiddi í ljós að vel yfir 90% af þeim þorski sem fór í sjóinn af króknum



synti annað hvort samstundis niður eða eftir smávægilegt hik. Múkkinn náði langt innan við 10%, þótt hann gengi hart fram. Þetta þýðir að handfæramenn hafa öll færi til þess að forðast skyndilokanir.

Þá vita veiðimenn mætavel að innan svæðis getur fiskur verið af úmsum stærðum og sumstaðar aðrar tegundir sem koma málinu ekkert við en gætu verið eftirsóknarverðar.

Á aðalfundi Landssambands smábátæigenda í október sl. var sú hugmynd sett fram í umræðum að í stað núverandi fyrirkomulags við skyndilokanir verði bátum sem staðnir eru að því að landa afla sem stenst ekki viðmiðunarmörk gert að halda sig frá viðkomandi svæði í tiltekinn tíma. Þannig verði refsiframkvæmd færð til þess sem þekkest allstaðar annarsstaðar í réttarkerfinu – þeir sem virða reglurnar eru látnir í friði en brotlegum hegnt.

Beintengt þessari umfjöllun er sú staðreynd að skilgreining stjórnvalda á undirmálsafla er í verulegu ósamræmi við þau viðmiðunarmörk sem Hafró notar á skyndilokunarvaktinni. Annars vegar miða stjórnvöld við hlutfall af afla í þyngd, en Hafró miðar við fjölda fiska.


Samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni er undirmál skilgreint sem þorskur og ufsi styttri en 50 sm og úsa styttri en 45 sm.

Heimilt er að koma með allt að 10% af viðkomandi tegundum úr hverri veiðiferð undir þessum mörkum og dregst þá sá hluti aflans aðeins að hálfu frá aflamarki.

Á sama tíma gefur sjávarútvegsráðuneytið út leyfi til Hafrannsóknastofnunar til að beita viðmiðunarmörkum fyrir skyndilokanir sem miða, eins og að framan segir, við 55 sm þorsk og að hlutfall heildarfjölda í afla fari ekki yfir 25%.

Þetta veldur iðulega misskilningi. Þrátt fyrir talsverða eftirgrenslna var hvergi að finna neina skýringu á þessu misræmi. Hjá skyndilokunarvakt Hafró fengust þær upplýsingar að ástæður þess að þar á bæ sé miðað við 55 sm væru annarsvegar hvað atvinnugreinin vill fá í land og hinsvegar til að vernda tiltekinn árgang í stofninum.

## Þorsstofninum bjargað



**MIKIÐ FYRIR LITLU HAFT.** Svona líti það út ef 100 smábátar myndu ekki gera neitt annað en liggja í smáfiskinum

Ekki bætir úr skák að þegar fiski er landað á uppboðsmörkuðum er í raun hvorugt til viðmiðunar. Þá er flokkun hvers og eins látin ráða, en „léttasti“ flokkurinn er 1,3-1,7 kg af slægðum og óslægðum fiski. Hver einasti veiðimaður veit að fiskar eru ærið misjafnlega á sig komnir og 50 sm fiskur getur þess vegna verið þyngri en 55 sm fiskur og 1,3 kg fiskur getur verið lengri en 1,7 kg fiskur.

Hinn viðtekni „sannleikur“ er sá að með því að „vernda ungvíðið“ sé verið að tryggja framtíð fiskveiðanna. Til sanns vegar má færa að ef allt ungvíðið yrði þurrkað upp myndi fljótlega hægja mjög á löndunarkrönum hafnanna.

## Hvaða tilgangi þjóna skyndilokanir?

Það er hinsvegar ekki úr vegi að skoða tölur í þessu sambandi og hvaða vægi allar skyndilokanirnar hafa í viðhaldi þorsstofnsins.

Einu tölurnar sem til eru og eiga að sýna fjölda einstakra árganga þorsstofnsins er að finna í hinum árlegu skýrslum Hafrannsóknastofnunar um nytjastofna og aflahorfur.

Í síðasta hefti Hafró (2015 - nr. 182) eru tölurnar yfir alla árganga frá 1 -14 ára sl. 60 ár – 1955 - 2015. Samkvæmt töflunni (bls. 138) samanstóð þorsstofninn 2015 af rúmum 960 milljón einstaklingum af þessum árgöngum. Það

vantar, samkvæmt þessu, engin ósköp uppá að 1 milljarður eins til fjórtán ára þorska hafi svamlað við Íslandsstrendur á árinu 2015.

Hafrannsóknastofnun skilgreindi fyrir löngu að „viðmiðunarstofn“ þorsks teldist 4 ára fiskar og eldri. Samkvæmt 2015 skýslunni voru þetta tæpar 382 milljónir þorska, þar af 143 milljónir 4 ára, eða 37% af heildinni.

Við handfæra- og línuveiðar sér krókastærðin að mestu fyrir því að 1 og 2 ára þorskur veiðist sáralítið. Þegar sá guli nálgast eða hefur náð 3 ára aldri hefur honum hinsvegar vaxið talsvert fiskur um hrygg og því erfiðara að forðast hann. Togaramenn þekkja hið sama, 3 ára þorskar smjúga ekki möskva eins léttilega og þeir yngri.

Hafró reiknar að á árinu 2014 hafi fiskveiði-flotinn veitt tæplega 5,3 milljónir 3 ára þorska. Miðað við töfluna á bls. 133 í sama hefti, voru þetta tæp 6.500 tonn, eða tæp 3% af heildarafl- anum í þorski árið 2014 í tonnum talið, en tæp 9% af fiskafjöldanum í afla. Seinni talan kann að virka nokkuð há en er aðeins 2,9% af 3 ára þorskinum 2014.

## KLÁRIR Í BÁTANNA



### RAFGEYMAR OG HLEÐSLUTÆKI

 Hleðslutæki	 AGM þurrir eða lokaðir síru rafgeymar fyrir tæki og bátarúllur.	 Öflugir start rafgeymar
--	--	--

**TUDOR** **SKORRI** **TUDOR**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Þrátt fyrir að 3 ára þorskur leggi umtalsvert til í heildarafla (á árinu 2014, næstur á eftir 4-7 ára þorski í fjölda), er árgangurinn ekki talinn hluti „viðmiðunarstofnsins“ sem í daglegu tali kallast „stærð þorskstofnsins“. Það munar um minna. Hafró mat þorskstofninn í ársbyrjun 2015 um 1,3 milljónir tonna – en 3ja ára þorskur myndi bæta um 230 þúsund tonnum þar við, væri hann talinn með.

Einn af hornsteinum hinnar „sjálfbæru“ íslensku fiskveiðistefnu sem Íslendingar eru óþreytandi að ota að blásaklausu fólki út um allan heim, er smáfiskavernd, skyndilokanir ásamt varanlegum lokunum með reglugerðum. Það er í meira lagi athyglisvert að skoða yfirlitsmyndina sem birtist hér með þessum skrifum.

Myndin sýnir skyndilokanir á tímabilinu 1. maí – 31. ágúst á þessu ári. Samtals voru þær 62, 47 vegna handfæraveiða, 14 vegna línuveiða en aðeins 1 vegna togveiða.

Það vekur óneitanlega athygli hversu fáar skyndilokanirnar eru vegna togveiða. Sé árið skoðað til 13. nóvember (140 skyndilokanir) eru þær aðeins 7 og þá fyrst og fremst vegna smáufsa í afla. Í ljósi þess sem að framan er rakið, er eðlilegt að skoða hversu miklu er verið að bjarga af ungvíðinu með þeim fjölda skyndilokana á handfæri á nýliðinni strandveiðivertíð. Hér er ekki tekin afstaða varðandi „smáfiska- dráp“, en til eru þeir fiskifræðingar, hérlendis sem erlendis, sem eru með öllu ósammála Hafró í þeim efnum.

Undirmálsaflinn samanstendur af 3 ára fiski og yngri. Samanlagður fiskafjöldi 2 og 3 ára þorsks er 304 milljónir fiska. Til að gæta allrar sann- girni skal helmingurinn af 2 ára fiskinum dreginn frá þannig að þá standa 223 milljónir fiska eftir.

Lausleg athugun á fjölda þeirra handfærabáta sem hugsanlega hefðu haldið áfram að róa á svæðin, hefði þeim ekki verið lokað, bendir til að þeir gætu verið um 100. Það er með öllu útilokað að áætla hversu oft hver og einn hefði haldið uppteknum hætti, þar sem veður og fleira ráða miklu og oftast öllu þar um. En til að búa til einhverja mynd skal notast við meðaltalstölur úr strandveiðunum sl. sumar. Meðalfjöldi róðra var 24 og meðalafli í róðri 575 kg.

## PS5002 VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli



### VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli

**Fjölpátta flotgalli með tvöfaldri einangrun sem hentar vel við íslenskar aðstæður. VIKING PS5002 uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til staðals og meira til. Flotgallinn er með innbyggt flot í baki sem gerir það að verkum að þú getur notað hann án björgunarvestis, það getur skipt sköpum við neyðaraðstæður!**

- Flotgallinn er samþykktur af SOLAS og Siglingastofnun Íslands
- Flot innbyggt í baki
- Marglaga einangrun
- Stillingaról fyrir misjafnar stærðir
- Losanlegir hanskar auðveldi þér að fara í gallan
- Hífilína, félagalína ásamt neyðarljósi
- Fáanlegur í lofpéttum umbúðum
- Stærð: 140-200 cm  
Yfirstærð: 190-210 cm

**Má nota án  
björgunarvestis**





**Á SKAKI FYRIR NORDAN.** Hér er svo sannarlega ekki verið að draga neinn smáfisk.

Svarthvít mynd getur því litið svona út: allir 100 bátarnir gerðu ekkert annað en að róa á þessi svæði, hefði þeim gefist á því kostur. Það gerir 2400 róðra og miðað við 575 kg meðaltal í róðri gerir það 1380 tonn. Samkvæmt upplýsingum úr skyndilokunartilkyningum á vef Hafró var hlutfall undirmálsafla á bilinu 50-70%. Sé millivegurinn farinn, 60%, þýðir það að þeir hefðu borið að landi 830 tonn.

Miðað við að meðalþyngdin af undirmálinu hafi verið um 1,1 kg, leggur það sig á 755 þúsund fiska. Miðað við töluna 223 milljónir sem að framan greinir, er hér um að ræða 0,33%. Einn þriðja úr prósentu. Sé munurinn reiknaður á þeim 25% sem þeim er heimilt að koma með að landi, lækkar talan niður í 566 þúsund fiska, eða í 0,25% - fjórðung úr prósentu. Burtséð frá því hvað segja má um að leggjast í smáfisk, sem fæstir ef nokkrir gera að gamni sínu, þá

blasir við hverskonar tímasóun og tilgangsleysi sá eltingaleikur sem átti sér stað við handfærabátana í sumar var.

#### Í Innansveitarkróniku Halldórs Laxness segir:

„Því hefur verið haldið fram að Íslendingar beygi sig lítt fyrir skynsamlegum rökum, fjármunarökum varla heldur, og þó enn síður fyrir rökum trúarinnar, en leysi vandræði sín með því að stunda orðheingilshátt og deila um titlingaskít sem ekki kemur málinu við; en verði skelfingu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna máls“.

Getur verið að smáfiskafriðunin og svæðalokunaráráttan sé undir þessa sök seld?

**Arthur Bogason**


**Ker Umbúðamiðlunar eru eingöngu ætluð undir matvæli.**



**Umbúðamiðlun ehf.**  
Sími: 5556677



# Bátadælar við miðin kringum landið



Segulykill N1 opnar sjómönnum aðgang að 48 hraðdælum og öflugu dreifikerfi eldsneytis fyrir báta og skip. Stöðug endurnýjun og uppfærsla á bátadælum okkar skilar þér kraftmeiri þjónustu í næstu höfn, allt í kringum landið.



Hluti af róðrinum



**Viðtal: Þórður Birgisson frá Húsavík**

## Veiðigjöldin gera stöðu kvótalausra einyrkja nánast vonlausra

**Þ**órður Birgisson, 43ja ára Húsvík-ingur, býr á Brekkunni á Akureyri. Nokkrum húsum frá Davíð skáldi frá Fagraskógi eða þar sem hann bjó forðum daga. Sækir sjóinn í sínum heimahögum, fer yfirleitt austur á Húsavík á sunnudagskvöldi og gistir í foreldrahúsum. Er fyrir austan fram á föstudag og sækir björg í bú út á Skjálfaflóann. Sjómennskan var og er í genunum, ekkert annað kom til greina. Snemma beygist krókurinn, er oft sagt. Það átti við um Þórð.

„Ég er fæddur og uppalinn á Húsavík og æskuminningarnar tengjast fjörunni og sjónum. Bryggjan var mitt leiksvæði frá því ég var smápolli. Oft hefur verið sagt að ég sé síðasti bryggjupollinn á Húsavík. Ég vissi ekkert skemmtilegra en að vera með körlunum í skúr-

unum og fá að landa með þeim. Ég lærði mest af því að fara á milli skúranna og hlusta á karlana og sjá þá vinna, hvernig þeir báru sig að við beitningu og netafellingu. Ég átti það til að skröpa í skólanum, fela skólatöskuna bakvið vigtarskúrinn og laumast síðan með körlunum á sjó. Þegar ég var sextán ára fékk ég að sleppa við að fara í skólaferðalag til Vestmannaeyja en valdi þess í stað að fara á sjó, í það skiptið fór ég á Núp frá Grenivík, línubát með beitningarvél, og við vorum að veiðum á Vestfjarðamiðum. Ég var alveg drullu sjóveikur og óskaði mér þess að komast sem fyrst í land. En þetta hafðist og ég fór annan túr.

Bryggjulífið á Húsavík í þá daga í samanburði við eins og það er í dag er tvennt ólíkt. Þá var fullt af trillum og skúrum á hafnarsvæðinu og mikið líf. Í dag eru hins vegar aðeins tveir til þrír sem gera út smábáta frá Húsavík allt árið. Ég er einn af þeim. Karakterarnir sem maður

kynntist á bryggjunum sem polli eru mjög eftirminnilegir en enginn þó eins og afi minn, Þórður Ásgeirsson eða Doddi Ásgeirs. Hann var kallaður „Gleypir“ og ég var því kallaður „Litli-Gleypir“. Ég er satt best að segja ekki viss um hvernig þessi nafngift kom til en ég held að hún tengist því að hann var yfirleitt ekkert að tvínóna við hlutina heldur hélt sig að verki og vildi að hlutirnir væru unnir hratt og örugglega. Hann var alltaf mættur klukkan eitt eftir miðnætti niður í skúr til að beita og gerði það þangað til hinir karlarnir komu. Þá fór hann út á sjó á bátnum sínum, Ásgeiri ÞH, og var síðan yfirleitt kominn heim fjögur til fimm á daginn þar sem hann nærðist og sofnaði síðan yfir fréttunum. Svona gekk þetta dag eftir dag og ár eftir ár. Hann var mikill sóldýrkandi og ef sást sólar-glenna var hann um leið kominn úr að ofan, alveg sama þó væri skítakuldi. Afi lést árið 2006, þá 76 ára gamall. Það kom í mínum huga ekkert annað til greina en að nefna útgerðina okkar eftir afa og því heitir hún Doddi Ásgeirs ehf.“

Fleiri karlar á hafnarsvæðinu eru Þórði eftirminnilegir frá þessum árum, t.d. Brasi gamli og Hlunkurinn. „Það þekkti enginn Húsvíkingur sjómennina með sínum réttu nöfnum, þeir voru allir þekktir undir einhverjum öðrum nöfnum. Míni helstu vinir á þessum árum voru ekki endilega jafnaldrar míni heldur miklu frekar gömlu sjómennirnir í skúrunum. Einn af þeim sem ég myndaði góð tengsl við var Bjössi sem gerði út ásamt öðrum bátinn Fanneyju. Við áttum sama afmælisdag, 10 apríl, og einhver eftirminnilegasti dagur minn í sjómennsku fyrr og síðar var þegar ég fékk að fara með körlunum á Fanneyju, einmitt á afmælisdaginn okkar Bjössa, að mig minnir árið 1986, og veiða loðnu í beitu úti á Skjálfanda. Það voru vaðandi loðnugöngur og við veiddum samtals 30 tonn í þremur túrum sama daginn. Þetta er nokkuð sem maður gleymir aldrei.“

Pabbi, Birgir Þór Þórðarson, er bifvélavirki og fékk ekki með móðurmjólkinni þessa ástríðu fyrir sjónum, enda verður hann sjóveikur á bryggjunni! Pabbi var reyndar aðeins á sjó með afa en átti mjög erfitt með það, hann þurfti enga hreyfingu til þess að verða bullandi sjóveikur. Og satt best að segja var ég líka alltaf sjóveikur þegar ég var yngri en ég komst yfir það innan við tvítugt.“



**ÞÓRÐUR BIRGISSON** vígreifur með tvo væna karfa á bryggjunni á Húsavík. Myndin var tekin í nóvember sl. Mynd: Óskar Þór Halldórsson.



**ÞORSKINN** veiðir Þórður fyrir GPG á Húsavík, þar sem hann er unninn í salt. Mynd: Óskar Þór Halldórsson.



Löndun á Húsavík. Mynd: Óskar Þór Halldórsson.

## Farandverkamaður í sjómennsku

Þórður var í stýrimannadeildinni á Dalvík á árunum 1991 til 1993 og fann þar sína fjöl, ef svo má segja. „Ég var með skelfilegar einkunnir úr grunnskóla vegna þess að mér fannst hann ekki skipta neinu máli. Ég hafði hins vegar áhuga á stýrimannanáminu og fékk því ágætis einkunnir þar. Að því loknu fór ég beint á sjóinn. Til að byrja með var ég stýrimaður og síðar skipstjóri á hundrað tonna rækjubát, Hrönn BA, sem var gerður út frá Húsavík. Hrönn var upphaflega smíðuð sem Guðbjörg ÍS og bar síðar lengi nafnið Matthildur SH í Ólafsvík. Ég var síðan í afleysingum víða um land og var því eins og farandverkamaður. Á þessu lærði ég mikið. Ég kynntist allskyns veiðum og mismunandi vinnubrögðum. Þetta var því góður skóli. Síðan lá leið mín á Björgu Jónsdóttur PH á Húsavík sem annar stýrimaður. Ég bjó í tvö ár á Raufarhöfn, á árunum 1996-1998, þar sem ég var annar stýrimaður og stýrimaður á Arnarnúpi. Þaðan fór ég vestur og var skipstjóri á Geysi BA í Bíldudal. Síðan fór ég til Þorlákshafnar og var þar á snurvoðarbát, þaðan lá leiðin á Hornafjörð þar sem ég var í

eitt ár á Jónu Eðvalds. Kom síðan aftur heim til Húsavíkur og var í eitt ár á Seley, sem Vísir gerði út á rækju. Síðar var ég einnig á Seley fyrir Samherja í loðnuflutningum. Við tókum loðnuhratið af vinnsluskipunum Vilhelm Þorsteinssyni og Baldvini Þorsteinssyni og fluttum það í land til bræðslu. Þá fékk ég upphringingu frá skólabróður mínum úr stýrimannadeildinni á Dalvík sem spurði mig hvort ég væri ekki til í að róa fyrir sig á trillu frá Hrísey, sem hann hafði keypt en útgerðin ekki gengið sem skyldi. Ég var ekki með nein plön og lét því slag standa. Ætlaði bara að vera í einn mánuð en endaði með að vera með þennan bát í tvö ár og síðan önnur þrjú fyrir aðra útgerð í Hrísey.“

## Doddi Ásgeirs ehf.

Trilluútgerðin í Hrísey kveikti í Þórði að fara út í eigin útgerð. Hann tók fjölskyldufund með konu sinni, Ragnheiði Huldu Þórðardóttur, og úr varð að þau ákváðu að kaupa bát. Fyrir valinu varð 15 tonna stálbátur, Máni í Grindavík, en hann var smíaður árið 1988. Þennan bát gera þau ennþá út og ber hann einkennisstafina PH-98. „Til að byrja með gerðum við hann út frá Hrísey en svo færðum við okkur með



Útgerðina til Húsavíkur. Plastbátarnir sem ég var á í Hrísey fóru illa með skrokkinn á mér en ég fann ekki fyrir neinu þegar ég fór að róa á Mána. Hreyfingarnar á plastbátunum eru einhvern veginn allt öðruvísi og fara ekki nógu vel með mig. Síðasta vor ákváðum við síðan að bæta við okkur öðrum minni plastbáti og hann fékk nafnið Ingi ÞH-198. Ég hef verið á línu og grásleppu á Mána en aftur á móti stefni að því að gera Inga út á grásleppu, strandveiðar og net. Ég hef lagt þorskin upp hjá GPG á Húsavík og þar er hann unninn í salt, en annar afli fer á markað. Samstarfið við GPG hefur verið farsælt fyrir báða aðila og ég hef fengið þá umsögn frá þeim að fiskurinn frá mér sé í góðum gæðum, sem ég er að sjálfsögðu mjög ánægður með. Það hefur reynst mér best að fylla karið af sjó og setja fiskinn síðan jafnóðum ofan í það. Síðan set ég vel af ís yfir. Með þessu móti hreinsast blóðið vel úr fiskinum og hann verður hvítur og fallegur í holdið, sem menn eru að leita eftir í saltið.“

## Beitir í tíu bala á dag

Á síðasta fiskveiðidag fiskaði Doddi Ásgeirs ehf. 200 tonn og er þá grásleppan meðtalin. Mágur Þórðar, Baldur Kristinsson, vinnur með honum í útgerðinni og sér um beitninguna og einnig er hann með honum á grásleppunni á vorin. Þá var Baldur á strandveiðum á minni bátum, Inga, sl. sumar. „Baldur er einn af þessum ofvirku. Það eru ekki nema fjögur ár síðan hann lærði að beita og þetta vefst ekkert fyrir honum, hann beitir í tíu bala á dag og gerir það ótrúlega vel. Þetta væri ekki hægt nema maður hefði svona öflugan samstarfsmann, svo einfalt er það. Við bindum okkur ekki við sömu beituna, þetta er einskona hlaðborð. Stundum erum við með allt að sjö tegundir í hverjum bala. Ég hef prófað allt milli himins og jarðar. Núna er ég beita töluvert af svína- og lambalungum og það gefur góða raun. Kostur við lungun er að það er svo mikið flot í þeim. Á þetta hef ég verið að fá ótal tegundir af fiski. Ég keypti sjö síðustu brettin af Voot-pokabeitunni sem var framleidd um tíma hér á landi og er að nota hana með öðru. Við erum líka með síld, makríl, loðnu og stundum sandsíli. Þetta er því sitt lítið af hverju.“

Það er eðli fiskimanna að læra smám saman hvar fiskinn er að finna, þó svo að aldrei sé



**BALDUR KRISTINSSON**, mágur Þórðar, starfar með honum við útgerðina. Mynd: Óskar Þór Halldórsson.

hægt að ganga að neinu vísu með það. „Oft veit maður hvar fiskurinn er en ég feila mig líka oft. Ég er ekki eins vitlaus og Hafró sem heldur að fiskurinn sé alltaf á sama stað ár eftir ár. Þannig er það bara ekki. Fiskurinn eltir ætíð sitt og því færir hann sig til frá ári til árs. En að sjálfsögðu virði ég skoðanir Hafró, fiskifræðingarnir þar eru bara að vinna sína vinnu en við sjómennirnir erum hins vegar ekki alltaf sammála þeim. Ég held að sé ekki heppilegt að sömu vísindamennirnir komi að þessum málum áratug eftir áratug. Það er mitt mat að það væri gott fyrir stofnun eins og Hafró ef yrðu mannaskipti þar með reglulegu millibili. Það getur ekki verið heppilegt að menn séu æviráðnir í þessi störf, þó svo að ég geri mér grein fyrir því að þannig geti byggst upp ákveðin þekking. Hins vegar hlýtur alltaf að vera gott að fá nýja sýn á hlutina.“

## Heldur til á „Hótel mömmu“

Móðir Þórðar er María Alfreðsdóttir og á hann fjögur yngri systkini, einn bróður og þrjár systur. Bróðir hans, Alfreð, býr á Akureyri, Elsa býr í Reykjavík og Lína á Húsavík.



**INGI PH-198** að koma til heimahafnar úr róðri.  
Mynd: Óskar Þór Halldórsson.



**BÁTAR DODDA ÁSGEIRS EHF.**, Máni PH-98 og Ingi PH-198,  
í Húsavíkurhöfn. Mynd: Óskar Þór Halldórsson.

Núverandi eiginkona Þórðar, Ragnheiður Hulda Þórðardóttir, átti tvö börn frá fyrra hjónabandi. Fyrrverandi kona Þórðar, Anna Lilja Hauksdóttir, átti eitt barn þegar þau tóku saman. Saman eignuðust þau þrjú börn. „Það má því segja að það fylgi mér sex börn,“ segir hann og bætir við brosandí; „og tveir hundar og einn köttur.“

Þórður segir að Hafnfirðingurinn Ragnheiður Hulda vilji gjarnan búa á Akureyri og hann segist sjálfur vera mjög sáttur við það fyrirkomulag. „Mér finnst þetta bara fínt. Ég held satt best að segja að ég væri fyrir löngu sprunginn á því ef ég byggi á Húsavík, þá væri ég eitthvað að bardúsa í kringum útgerðina á

hverjum einasta degi og tæki mér aldrei frí. Á Húsavík líta foreldrar mínir og Baldur mágur minn eftir bátunum ef eitthvað er að veðri. Ég fer yfirleitt austur á sunnudagskvöldum og bý á „Hótel mömmu“ virku dagana, sem er afskaplega þægilegt. Kem síðan yfirleitt til Akureyrar á föstudagskvöldum og er alla jafna heima um helgar. Yfirleitt fer ég þrjá til fjóra daga á sjó í hverri viku ef aðstæður leyfa, þegar maður er einn á sjónum hefur maður eiginlega ekki úthald í meira. Það kæmi hins vegar ekki til greina að hafa útgerðina á Akureyri, fjórðurinn er svo langur að það væri ekki góð staðsetning.“

## Veidigjöldin voru rothögg

Þórður byggir útgerð sína á því að leigja til sín kvóta og einnig veiðir hann þorskvóta fyrir GPG á Húsavík. Hann orðar það svo að því miður sé staða þessarar svokölluðu kvótalausú einyrkja allt að því vonlaus. Og þegar menn segi að strandveiðarnar eigi að bæta hag þessara einyrkja, þá hafi þær afskaplega lítið að segja þegar horft sé á heildarmyndina, því þær standi ekki nema þriðjung úr ári og séu háðar miklum takmörkunum. „Það vita það allir að ekki er hægt að reka fyrirtæki einungis á grunni strandveiða í fjóra mánuði á ári og síðan eru útgjöld alla hina átta mánuðina. Það er endalaus gjaldtaka á þessa atvinnugrein og síðasta „trompið“ hjá þessum háu herrum á stjórnkerfinu voru veiðigjöldin frá og með upphafi þessa fiskveiðiárs, 1. september sl., og þar með hirtu þeir launin mín. Upphaflega voru veiðigjöldin hugsuð á úthlutaðan kvóta en frá og með þessu kvótaári er búið að útvíkka þau og setja á allan landaðan afla. Þetta þýðir að ég sem einyrki, sem á engan kvóta en byggi mína útgerð alfarið á því að leigja til mín aflaheimildir, þarf að borga veiðigjald ofan á leiguverðið á kvótanum. Ef við horfum á úsuna má segja að leiguverðið hafi í fyrra verið um 300 krónur á kílóíð en meðalverðið á fiskmörkuðunum var um 360 krónur. Að teknu tilliti til slægingarstuðuls og línuvinnunar var leiguverðið nálægt 230 krónum á kílóíð. Mismunurinn á leiguverði og markaðsverðinu varð eftir hjá mér til þess að greiða allan útlagðan kostnað við útgerðina og laun. Núna er leiguverðið á úsunn um 200 krónur á kílóíð og markaðsverðið hefur verið



VOOT BEITA

MEIRA EN BARA BEITA

Beita Veiðarfæri Aðföng



Voot beita selur hágæða beitu fyrir allar stærðir línubáta ásamt veiðarfærum og ýmsum aðföngum og leggur mikla áherslu á að mæta kröfum viðskiptavina sinna með traustri og vandaðri þjónustu

Hafðu samband **núna!**



Afgreiðum **vörur** um allt land **samdægurs**

[www.beita.is](http://www.beita.is)

Ægisgata 2, 240 Grindavík

s. 581-2222



**SÆLL OG GLAÐUR UM BORD** í Mána að loknum róðri. Mynd: Óskar Þór Halldórsson.

um 260 krónur Og frá og með 1. september hef ég þurft að greiða 26 krónur til ríkisins af hverju kvótakíló. Þar með eru launin mín farin. Þetta er einfaldlega ekki hægt, þetta dæmi gengur ekki upp í dag. Maður hefur treyst töluvert á góða grásleppuvertíð en hún er orðin mikið happdrætti. Það var ágætis veiði á okkar svæði á síðustu vertíð en vandamálið

er að það gengur ekkert alltof vel að selja hrognin, frá síðustu vertíð eru ennþá óseldar á þriðja þúsund tonn. Og verðin sem er verið að bjóða núna eru alltof lág. Það er því miður alls ekki bjart yfir grásleppuveiðunum og ég er mjög svartsýnn fyrir næstu vertíð. Og svo til að kóróna allt kemur enginn byggðakvóti til Húsavíkur í ár, þannig að svokölluð „uppbót“ vegna grásleppunnar er líka horfin.“

## Lætur í sér heyra

Þórður hefur verið ófeiminn að láta í sig heyra ef honum hefur mislíkað eitthvað varðandi smábátaútgerðina. Hann segist ekki una því hvernig veiðigjöldin séu að gera út af við einyrkja og því hafi hann tekið upp símann og hringt beint í Jón Gunnarsson, formann atvinnuveganefndar Alþingis, og lýst óánægju sinni. Þórður segist ekki hafa mætt miklum skilningi þingmannsins. „Fyrir einyrkja eins og mig gengur þetta dæmi einfaldlega ekki upp, hvað svo sem stjórnámamennirnir segja. Ég hef líka sent Sigurði Inga Jóhannssyni sjávarútvegsráðherra bréf en hann hefur engu svarað. Ég vildi fá útskýringar á þeirri ákvörðun að strika yfir úthlutun byggðakvóta til Húsavíkur á þessu fiskveiðarári. Þessi 140 tonna byggðakvóti til



**BALDUR SÉR UM AÐ BEITA.** „Það eru ekki nema fjögur ár síðan hann lærði að beita og þetta vefst ekkert fyrir honum, hann beitir í tíu bala á dag og gerir það ótrúlega vel,“ segir Þórður um mág sinn. Mynd: Óskar Þór Halldórsson.

## Þykir þér vænt um bátinn þinn?

### Þjóðum upp á hágæða efni frá International



- Perfection háglansandi polyúrepanlakk
- VC 17 Extra Teflon botnmálning sem tryggir minni olíueyðslu og meiri hraða
- Sjálflípandi botnmálning í mörgum litum
- Teflonefni í úðabrusum á drifsköft og skrúfublöð
- Epiglass viðgerðarefni fyrir trefjaplast- og trébáta
- Hreinsiefni og bón fyrir plast og lakk
- Glær lökk og viðarolíur fyrir trébáta

# SérEfni

– tæringarvörn til sjós og lands

Húsavíkur á síðasta fiskveiðiári, sem hefur verið skilgreindur sem uppbót til byggðarlagsins vegna rækjuhrunsins fyrir nokkrum árum, gerði það að verkum að maður gat náð rekstrinum heim og saman en núna er búið að taka þennan kvóta af og það segir sig sjálft að það er rothögg



**SVARTFUGLINN** kemur oft í netin og þá er um að gera að nýta hann, enda herramanns matur. Mynd: Óskar Þór Halldórsson.

fyrir okkur sem erum að reyna að lifa af þessu allt árið. Sauðárkrókur lenti sömuleiðis í sama kvótaniðurskurðinum og skýringin sem við höfum fengið er sú að nú séu tíu ár liðin frá því að þessi kvóti var settur á og því skuli hann hverfa. En menn horfa ekki til þess að frá Húsavík hefur Vísir farið með mikinn kvóta og á síðustu átta árum hefur kvótinn þar minnkað um sem næst sextíu prósent. Við fáum hins vegar ekki eitt einasta kíló út á það. Þetta er skellur fyrir mig og marga aðra hér en ekki síst byggðarlagið í heild sinni. En því er ekki að neita að þeir eru til sem hafa misnotað byggðakvótann, leigt hann frá sér í staðinn fyrir að veiða hann fyrir viðkomandi byggðarlög, eins og hugsunin er með byggðakvótanum. Svona misnotkun hefur komið mjög illa niður á okkur sem höfum sannarlega verið að fullnýta hann fyrir byggðarlagið. Okkur gremst að með einu pennastriki eru þau 280 tonn sem eru í þessum rækjupotti flutt frá Húsavík og Sauðárkróki til Hólmavíkur og Ísafjarðar. Það eru líka liðin tíu ár frá því að minnkandi rækjuveiði kom illa við Hólmavík og Ísafjörð. Ég fæ ekki skilið af hverju þessum 280

tonnum var ekki deilt á milli þessara fjögurra byggðalaga sem fóru illa út úr rækjuskellinum um árið. Ég hef spurt um þetta en fæ engin svör og það sama hefur Landssamband smábáta-eigenda gert. Því miður er búið að veita sjávarútvegsráðherra alræðisvald yfir þessum pottum



**GARNIR ÚR HNÍSU.** Alveg kjörin beita. Mynd: Óskar Þór Halldórsson.

og hann gerir bara það sem honum sýnist. Hann kemur hingað til Húsavíkur og segir að Húsvíkingar þurfi enga ölmusu í formi byggðakvóta vegna þess að þeir séu að fá stóriðju! Stóriðjan bjargar mér ekki, svo mikið er víst! Ég fékk fyrst upplýsingar um það úr sjávarútvegsráðuneytinu í maí sl. að til stæði að taka af byggðakvótann til Húsavíkur og þá fór maður að berjast í því að fá reglum breytt en allt kom fyrir ekki. Ég fékk það svo staðfest í ágúst að fyrri ákvörðun ráðuneytisins stæði og ég greindi bæjaryfirvöldum hér á Húsavík frá því. En því miður er það svo að þekking bæjarfulltrúa á Húsavík á sjávarútvegi er mjög af skornum skammti og mér hefur fundist að áhugi þeirra á okkar málum sé takmarkaður.“

## Sígur stöðugt á ógæfuhliðina

Þórður dregur ekki dul á að síðan hann hóf eigin útgerð hafi sigið á ógæfuhliðina í trillu-útgerðinni. „Um hver einustu kvótaáramót undanfarin ár hefur komið einhver reglugerðarbreyting sem er til bölvunar. Nú er stóra málið endurskoðun á vigtarreglum. Ég vil að allt



**SAMSTARFSMAÐUR OG MÁGUR, BALDUR KRISTINSSON**, er með Þórði á grásleppuvertíðinni á vorin. Hér er Baldur með eina væna. Mynd: Úr einkasafni.

Þetta eftirlitsbatterí fylgist með að menn fari eftir settum reglum. Ef þeir gera það ekki, þá eiga þeir að sæta refsingum. En í stað þess að fylgjast betur með að allir framfylgi reglum, þá eru þær endalaust stokkaðar upp og nær undantekningalaust eru allar þessar breytingar til bölvunar fyrir okkur sem leggjum metnað okkar í að fara eftir settum reglum. Það er endalaust verið að þrengja að okkur með nýjum sköttum og gjöldum og mig grunar að það komi flestum á óvart hversu umfangsmikil þessi gjaldtaka er orðin. Ég get alveg viðurkennt að eins og staðan er núna er ég ekkert alltof bjartsýnn á framtíð þessarar atvinnugreinar. Ég ætla mér að reyna að þrúka þetta kvótaár, þó svo að fljótt á litið verði það nær útilokað eftir að þessum veiðigjöldum var komið á. Síðan veit ég ekki hvað ég geri að óbreyttu. Það gleymist oft í þessu sambandi að þegar maður er einn á bátnum er ekki róið í vondum veðrum og því hefur maður ekki möguleika á því að ná bestu verðunum á fiskmörkuðunum. Ég sækí sjóinn þegar veðrið er betra og þar með er meira framboð og lægra markaðsverð þá daga. Þeir sem settu á veiðigjaldið hafa ekki haft það með

í formúlunni sinni að verð á fiskinum lækkar eftir því sem framboðið er meira. Veiðigjaldið tekur hins vegar mið af aflaverðmæti árána á undan. Ég spyr mig oft þeirrar spurningar af hverju ég eigi að borga skatta fyrir aðra," segir Þórður Birgisson.



# Í kjölfar aðalfundar




**AÐALFUNDUR 2015:** skeggrætt úr pontu um tæknileg atriði við afgreiðslu tillagna. Allt var leyst að lokum eins og góðra fundarmanna er siður.

**A**ðalfundur Landssambands smábátaeigenda sá 31. í röðinni var haldinn 15. og 16. október sl. Að venju voru þar fjölmörg málefni tekin fyrir og ályktanir samþykktar sem tengdust þeim. Umræður voru að vanda mismiklar um einstök atriði og oft tekist á, en að vanda leiddu þær allar til niðurstöðu.

Hér verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra ályktana sem samþykktar voru og fjallað um þær af höfundi þessarar greinar.

## Strandveiðar verði eflar

Alls fóru 630 bátar á strandveiðar síðasta sumar. Fjöldi báta frá upphafi hefur gengið nokkuð í bylgjum. Fyrstu árin fjölgaði en frá 2012 hefur þeim fækkað.



Það er samdóma álit þeirra sem taka þátt í veiðunum og þeirra sem kynnt hafa sér þær og nýtt sér með kaupum á afla frá þeim að kerfið hefur þróast í rétta átt og er komið til að vera. Í umræðum á aðalfundi var þó engin kyrrstaða, skýr skilaboð gefin um að sækja fram til aukins veiðiréttar.

Fyrri samþykktir um að heildaraflaviðmiðun hamli ekki veiðum var ítrekuð. Með öðrum orðum að tryggja heimild til strandveiða 4 daga í viku [mánud. – fimmtud.] í 4 mánuði [maí – ágúst] á veiðisvæðunum fjórum. Breytingin mundi fjölga dögum um alls 50 miðað við strandveiðar 2015. Ljóst er að þau 9.000 tonn sem ætluð eru til veiðanna á árinu 2016 nægja ekki til að samþykktin nái fram að ganga og því þarf að herða róðurinn og fá fleiri í lið með trillukörlum. Aukningin sem til þarf nær ekki 1% af leyfilegum heildarafla í þorski á yfirstandandi fiskveiðarári.

Þjartsýni ríkir hjá forsvarsmönnum LS um að settu markmiði verði náð. Hinum almenna borgara er hlýtt til strandveiða og einstök byggðarlög hafa tekið undir kröfur LS. Píratar sem nú er samkvæmt skoðanakönnunum stærsti stjórnmálaflokkur landsins er með málið í forgangi og aðrir flokkar á Alþingi eru langt því frá að vera fráhverfir samþykkt aðalfundar. Auk þessa má nefna aðila innan ferðaþjónustunnar sem talað hafa af hlúhug um mikilvægi strandveiða.

Þannig að árangur náist verða félagsmenn að leggjast á eitt um að virkja þau öfl enn



frekar sem hér hafa verið nefnd, svo að skriðþungi málefnisins verði það mikill að ekkert fái stöðvað framgang þess.

Gerum vopn andstæðinga um fullyrðingar að arðsemi af veiðunum sjálfum sé neikvæð samkvæmt úttekt Hagstofunnar sem birt er í ritinu „Hagur veiða og vinnsla“ að okkar vopni með því að spyrja: Arðsemi fyrir hvern?

---

### **Aðalfundur LS krefst þess að strandveiðar verði eflar á þeim grunni sem strandveiðinefnd LS lagði til á sínum tíma „Strandveiðar til framtíðar“.**

---

- Heildaraflaviðmiðun verði sveigjanleg
- Fjórir dagar – Fjórir mánuðir – Fjórar rúllur – Fjögur veiðisvæði
- 650 þorskígildi í róðri
- Eigendaákvæði fellt út
- Einn bátur á hverja útgerð
- Gjald til hafna falli niður

## **Byggðakvóti og línuívilnun**

Ályktanir aðalfundar er varða þessi málefni voru á líkum nótum og undanfarin ár. Áfram er knúið á um að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta auk þess sem hún nái einnig til keilu og löngu. Ítrekuð er tillaga LS um að byggðakvóta verði úthlutað við löndun sem ívilnun auk kröfunnar um að hann verði nýttur af dagróðrabátum.

## **Línuívilnun**

Á síðastliðnu fiskveiðiári fengu alls 177 bátar línuívilnun sem náði til 48 löndunarhafna. Aflinn sem kom til línuívilnunar hjá bátunum voru 5.015 tonn og fékkst hann í alls 8.227 róðrum. Meðaltal ívilnunar í hverri sjóferð var því 610 kg. Engum blandast hugur um að línuívilnun er gríðarlegur styrkur fyrir smábátaútgerðina og því ástæða til að herða róðurinn þar eins og annars staðar þegar knúið er á um aukinn veiðirétt.

Við þinglok um mánaðamót júní – júlí sl. var samþykkt þingsályktun frá sjávarútvegsráðherra sem m.a. varðaði línuívilnun. Hún eins og strandveiðar, rækju- og skelbætur, byggðakvótar, afli til áframeldis í þorski og frístundaveiðar falla undir „pottana“ eins og svo eru nefndir. 5,3% af afla allra úthlutaðra veiðheimilda fara í pottana. Aðrar tegundir en þorskur, úsa, steinbítur og ufsi eru svo boðnar í skiptum á markaði fyrir þessar fjórar tegundir. Þannig fæst nægjanlegur afli í pottana til að standa undir þeim skuldbindingum sem ætlaðar eru til útgerða sem þaðan fá veiðheimildir. Þingsályktunin tók því til áætlunar og meðferðar þessara 5,3% á yfirstandandi fiskveiðiári.

---

### **Í breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar var sérstaklega vikið að línuívilnun:**

---

**„Greindar verði leiðir til þess að línuívilnun færist í einhverjum mæli yfir á báta með beitningarvélar án þess að hafa verulega neikvæð áhrif á þær byggðir þar sem úrræðið skiptir hvað mestu máli, t.d. með aukinni byggðatengingu ívilnunarinnar. Leitað verði leiða til að setja vinnsluskyldu á línuívilnunarafila. Þannig má nútímavæða veiðiskapinn án þess að veikja byggðaáhrif aðgerðarinnar.“**

---

Það er skoðun mín að með þessu hafi nefndin verið að taka undir erindi LS um að línuívilnun eigi rétt á sér hjá öllum dagróðrabátum. Aukin umræða á undanförunum árum hefur leitt til meiri þrústings fyrir mikilvægi umhverfisvænna veiða. Þar eru línuveiðar ásamt öðrum veiðum með kyrrstæðum veiðarfærum (handfæri, gildirur, net) efstar á blaði.

Þannig tel ég vera gott tækifæri til að ná að efla línuívilnun enn frekar með þátttöku allra dagróðrabáta. Auk þessa er stöðug aukning eftir þeim hágæða afla sem kemur frá bátum sem stunda þessar veiðar.

## **Byggðakvóti**

Byggðakvóti hefur mikið verið til umræðu undanfarin ár þegar málefni byggða sem tapað hafa sínum veiðheimildum vegna misjafnra

og margvíslegra ákvarðana. Grímsey sem var hlaðin aflaheimildum fyrir nokkrum árum er nýjasta dæmið.

Ágætur hljómgrunnur hefur verið við ívilnunarhugmynd LS á byggðakvóta til dagróðrabáta. Hún útskýrist á þann hátt að veiðiheimildum yrði úthlutað til byggðalaga sem gengju sem ívilnun til kvóta við löndun, t.d. 20% ívilnun:

### **Einu tonni landað. 800 kg dregið frá kvóta bátsins, 200 kg kæmu úr byggðaheimildum.**

Með þessari aðferð yrði allri tortryggni um úthlutun og reglur eytt, þar sem veiðiheimildir koma aðeins til bátanna þegar afla er landað. Við að skilyrða nýtingu byggðakvóta við dagróðrabáta er verið að stuðla að auknu framboði á ferskum fiski sem skilar meiri verðmætum fyrir þjóðarbúið. Þá yrði komið í veg fyrir að milljarða fyrirtæki gætu beitt þrústingi á byggðalög til að sveigja reglur að þeirra kröfum. Síðast en ekki síst mundu hygmyndir LS smell passa við niðurstöður úr skýrslu Vífils Karlssonar „Mat á framkvæmd aflamarks Byggðastofnunar“ – um góðan árangur af aflamarki Byggðastofnunar, en það á það sammerkt að vera allt nýtt af dagróðrabátum.

## **Veidigjald**

- Útgerðum án vinnslu verði veittur afsláttur
- Færabátar á makrílveiðum verði undanþegnir veiðigjaldi
- Hluti tekna af veiðigjaldi verði varið til markaðssetningar sjávarafurða
- Krókaaflamarksbátar fái veiðarfæraafslátt af veiðigjaldi

## **Samþjöppun veiðiheimilda**

Í ræðu minni við upphaf aðalfundar vitnaði ég í ræðu forsætisráðherra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar er hann flutti við þingsetningu 8. september sl.

**„Í sjávarútvegi munum við leggja áherslu á að halda áfram að byggja upp fiskistofna og stuðla að aukinni verðmætasköpun en vinna um leið gegn samþjöppun í grein-**

## **inni og því að viðhalda störfum í byggðalögum um allt land.“**


Eitt af því sem varð til að auka samþjöppun veiðiheimilda í krókaaflamarkskerfinu er að finna í ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá júní 2013 að heimila helmingsstækkun krókaaflamarksbáta.

### **Í umsögn LS um frumvarpið sagði eftirfarandi um þetta málefni:**


**„LS ítrekar fyrri umsagnir sínar um sama efni og Ítrekar þar sérstaklega sjónarmið sitt um að breytingar sem þessar geta leitt til óæskilegrar samþjöppunar í krókaaflamarkskerfinu og þar með einsleitari útgerðarflóru.“**

Gröfin hér að neðan sýna fjölda báta með krókaaflahlutdeild og hversu veiðiheimildir færast í síauknum mæli til færri aðila.

**Bátar með krókaaflahlutdeild**



**Krókaaflamark - þorskígildi 50 stærstu**



LS hefur lýst sig reiðubúið til að ræða þessa þróun og benda á leiðir til úrbóta.



**FUNDURINN VAR FJÖLMENNUR** og yfir 100 manns við setningu hans.

Hér skulu tvær nefndar. Annars vegar að samtímis hækkun stærðarmarka þyrfti að auka við veiðiheimildir þessara báta þannig að jafnvægi héldist.

Hins vegar er tengt veiðigjöldum og þeim samþykktum sem aðalfundur lagði til. Þær eiga þó ekki síður við skip í aflamarki. Þar á sér stað sama þróun og í krókaafلامarkinu.

LS benti á þessa leið í umsögn sinni um breytingar á lögum um veiðigjöld í maí sl. Ósanngjarnt væri að uppfæra sömu aðferðarfræði á alla útgerðarhópa sem nánast eingöngu veiddu bolfisk og væru ekki með vinnslu. Að óbreyttu hefði frumvarpið í för með sér samþjöppun og fækkun smærri fyrirtækja. Gerðar voru breytingar á frumvarpinu með því að lækka gjald á þorski, úsu og ufsa og hækka afslátt. Það er hins vegar ekki nægjanlegt til að jafna aðstöðumun sem orðinn er milli útgerða án vinnslu og þeirra sem samhliða útgerð eru með vinnslu. Knújjandi er því þegar löggin verða tekin upp að gera þarna greinarmun eins og segir í samþykktum aðalfundar LS.

## Endurskoðun reglna um vigtun

Mikil og þétt umræða átti sér stað um fyrirhugaðar breytingar á vigtun. Í frumvarpsdrögum sjávarútvegsráðherra er lagt til að vigtun skuli að jafnaði lokið á hafnarvog og endurvigtunarleyfi afnumin.

Afstaða aðalfundar tók mið af því að forsenda boðaðra breytinga ætti að liggja í að auka gæði.

**„Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að einfalda vigtarreglur og framkvæmd á vigtun bolfiskafla og gera engar breytingar nema tryggt sé að þær auki gæði frá því fiskur er veiddur og þar til hann err kominn á disk neytenda.“**

**Auk þess sem hér hefur verið nefnt voru úmsar aðrar ályktanir. Meðal þeirra eru:**

## Stjórn fiskveiða

- Rýmka reglur um 50% veiðiskyldu
- Sameining veiðikerfa hafnað
- Ríkið taki ekki yfir veiðirétt á Íslandsmiðum
- Enduskoðun á reglum um skyndilokanir
- Heimild til að landa lúðu sem meðafla
- Reglur um VS afla í fyrra horf
- Fiskmarkaðir – Umhverfið – Öryggismál
- Tryggja aukið framboð á afla á fiskmörkuðum
- Mótæmi við laxeldi í Eyjafirði
- AIS kerfið lagað og skuggum útrýmt.

**Örn Pálsson framkvæmdastjóri**  
Landssambands smábátæigenda



Magnús Jónsson fv. Veðurstofustjóri lét drauminn rætast

# Skeið á Skagafirði

**S**umarið 2012 gekk ég í „barndóm“ þegar ég lét áratuga gamlan draum minn um að fara að róa til skakfiskjar á Skagafirði verða að veruleika. Upphaf þessa má rekja til ársins 1959 er ég sem 11 ára hnokki var á handfærum á liðlega 20 tonna báti um þriggja mánaða skeið og dró þá um 13 tonn af fiski. Þetta var upphafið að margra sumra sjómennsku minni sem lauk að mestu árið 1976. Síðan tók við 35 ára starfsævi á öðrum sviðum án teljandi sjómennsku. Síðustu fjögur sumur hef ég hins vegar verið á strandveiðum við annan mann og notið þeirrar dásemdar sem felst í því að vera úti á Skagafirði eða Skagagrunni og veiða fisk á færi.



En þótt fegurðin ríki á Skagafirði og dýrðin á sjónum geti verið mikil er ýmislegt sem í landi skyggir á sjómenskuna og oft horfir maður skilningsvana á það regluverk sem búið er að byggja upp í kringum þessa starfsemi. Ýmislegt hefur þó breyst mjög til batnaðar frá fyrri tíð og er til fyrirmyndar og má þar fyrst nefna meðferð á aflanum. Gæði þess fiskjar sem færður er að landi nú eru ótrúlega miklu meiri en var fyrir hálfri öld. Sömuleiðis hefur orðið

bylting í öryggismálum og aðbúnaði sjómanna, bæði um borð í bátunum sjálfum og ekki síður með starfsemi Vaktstöðvar siglinga. Auðvitað verð ég einnig að nefna veðurspárnar þar sem gríðarlegar framfarir hafa orðið bæði í gæðum og framsetningu sem ég á nokkurn þátt í. En stjórnkerfið og eftirlitið í kringum þessar vistvænu og sjálfbæru veiðar er þannig að oft veit maður varla hvort maður á að hlæja eða gráta. Raunar er ofstjórnin orðin svo flókin og mótsagnakennd að venjulegur sjómaður eða skipsstjórnandi getur illa ratað um í þeim myrkvaða reglugerðaskógi sem vaxið hefur upp í kringum fiskveiðistjórnunarkerfið í heild og þar með talið krókaveiðar/strandveiðar.

## „Af því bara“-stjórn

Margvísleg stjórn er á strandveiðunum, sem raunar er fólgin bæði í sóknarstýringu og aflamarksstýringu. Aflamark er á veiðunum þannig að stjórn er á heildarafla yfir allt landið, aflahámark er á einstökum svæðum umhverfis landið, aflatakmark er í hverjum mánuði og stjórn er á aflamagni í hverjum róðri. Þá er sóknarstýring á róðartíma þar sem einungis má róa á tilteknum vikudögum og aðeins má vera á sjó í 14 klst á hverjum sólarhring. Loks er ekki heimilt að vera með meira en fjórar rúllur um borð. Segja má að öll þessi stýring

## DFF1, DFF3, BBDS1 og DFF1-UHD dýptarmælar



TimeZero  
Designed by MAXSEA

Mælarnir nettengjast  
beint inn á MaxSea  
Time Zero




**Furuno Digital Filter FDF** er truflanadeyfir þróaður af Furuno. Hann hefur þann eiginleika að geta eytt burtu truflunum á sama tíma og hann heldur inni lóðningum á stökum fiskum og torfum á skýran og mjög greinilegan hátt, hvort heldur sem unnið er á grunnu eða djúpu vatni. Þessi eiginleiki FDF dýptarmælanna frá Furuno gerir þér kleift að sjá það sem þú hefur alltaf viljað sjá í dýptarmæli betur en áður; fisk, stærð hans og jafnvel fjölda í torfu. Ótrúlegt en satt!




**TrueEcho CHIRP** er ný tækni sem er hönnuð til að vinna á ákveðnu tíðnisviði í stað eins geisla og notar til þess breiðbands botnstykki. DFF1-UHD dýptarmælirinn frá Furuno er mögnuð nýjung á þessu sviði sem skilar endurvörpunum kristaltærum og skýrum. Þetta gerir alla aðgreiningu á fiski greinilegri, jafnvel þó hann sé að hluta til í torfu eins og sést á myndinni hér að neðan.



**ACCU-FISH** er tækni til stærðargreiningar sem Furuno hefur hlotið alþjóðlegar viðurkenningar fyrir. Þessi tækni er reiknilíkan sem reiknar út stærð endurvarpsins og birtir það á skjánum. ACCU-FISH getur stærðargreint fisk á dýpi, frá 2 m til 100 m og stærðir fisks frá 10 cm til 180 cm.



**BDS** er botngreining sem greinir botninn í fjórar mismunandi gerðir; grjót, möl, sand og leir. Þessar upplýsingar gefa mælarnir BBDS1 og DFF1-UHD út. Hægt er að fá botngreiningu eftir litum eða sem grafíska mynd. Í MaxSea Time Zero er einnig hægt að fá þetta sett fram sem súlurit.



# Brimrún

MAREIND

Grundarfirði  
Sími 438 6611

WATT

Vestmannaeyjum  
Sími 481 2926



**MAGNÚS JÓNSSON** veðurfræðingur í aðgerð á spegilsléttum Skagafirðinum sl. sumar.

og reglur sé án faglegs eða fræðilegs grundvallar og svörin við spurningum um stjórnkerfið og forsendur þess er meira og minna „af því bara“. Þar kemur rökræða eða rökhugsun lítið við sögu og því síður er byggt á einhverjum rannsóknum. Nú skal það skýrt tekið fram að ég er ekki fylgjandi því að þessar veiðar verði „stjórnlausar“, því nauðsynlegt er m.a. að gæta samræmis og ákveðins jafnræðis milli útgerðarflokka og veiðiaðferða. Því tel ég að sú stefna sem Landssamband smábátaeigenda hefur mótað sé góð málamiðlun, a.m.k. þar til hægt væri að nota rökstuddar rannsóknaniðurstöður til að ákveða annað fyrirkomulag. Með því að fara þá leið sem LS leggur til, auk þess að hafa veiðitímabilið (fjórir mánuðir) sveigjanlegt milli landshluta má segja að rökrétt tillit væri tekið til vissra þátta í kerfinu auk þess sem tekið væri mið af landfræðilegum breytileika á göngum og hegðan þorsksins og fæðustofnum hans.

Að mínu áliti eru engin fagleg eða fræðileg rök fyrir harðri aflastýringu á strandveiðum. Nokkrar tölulegar staðreyndir skulu nefndar því til rökstuðnings. Á sl. sumri var heildarkvótinn á strandveiðum 8600 tonn sem er um 0,67% af reiknuðum þorskstofni. Til samanburðar má nefna að skv. reikniaðferðum Hafró mun um 235 þús tonn drepast náttúrulegum dauðdaga

á árinu (miðað við 18% náttúrulega dánar-tölu!) þannig að allar strandveiðarnar jafngilda náttúrulegum dauða þorsks í 13 daga. Aðrar áhugaverðar tölur úr lífríki þorsksins eru að talið er að um 150 þús tonn af þorski hafni í hrefnumögum árlega og 30 þús tonn til viðbótar fer á sama tíma ofan í selastofnana við landið. Strandveiðiaflinn jafngildir því áti þessara tveggja spendýrastofna hafsins á þorski í 17 daga.

## Bekkingarleit og rökræða


Enginn ágreiningur er um að almenna kvóta-kerfið sem slíkt hefur stuðlað að bættum rekstri í útgerð hér á landi. Hins vegar hefur kerfið haft gríðarleg áhrif á þróun margra byggðalaga og hörð gagnrýni á kerfið hefur m.a. átt rætur sínar að rekja til þess að einstakar útgerðir hafa í reynd haft fjöregg fjölmargra samfélaga í hendi sér. Dæmi um þetta má m.a. sjá í nýrri heimildarmynd um Flateyri, Veðrabrigði, sem sýnd er um þessar mundir. Í upphafi var einnig mikið rætt um forsendur kerfisins, þ.e. hvort það stuðlaði að bættri nýtingu fiskistofna, tryggði vöxt þeirra og viðgang og hvort sá grunnur væri nægjanlega rannsakaður og vel þekktur til að byggja veiðar á til lengri tíma. Sömuleiðis hvort þær kenningar sem settar voru fram um þróun og hegðan fiskistofna hefðu staðist tímans tönn. Ég og margir aðrir hafa haft miklar efasemdir um þessa þætti en af einhverjum ástæðum hefur dregið verulega úr umræðu í samfélaginu um þá. Með þetta í huga langar mig til að vitna í þann mæta mann og hugsuð, Pál heitinn Skúlason fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, en hann ræddi oft gildi rannsókna og rökræðu. Í erindi sem hann flutti í Ríkisútlarpinu í október 1985 sagði hann m.a.

---

**„Framfarir eru undir því komnar að menn efist um gildi ríkjandi kenninga, reyni að finna á þeim veika bletti. Þetta virðist raunar vera eitt helsta skilyrðið fyrir framförum á hvaða sviði sem vera skal: að litíð sé gagnrýnum augum á þau vinnubrögð sem tíðkast og reynt að finna önnur betri; að reynt sé að finna galla á verki – hvert sem það er – til að unnt sé að gera betur.“**

---

## Tryggðarjól



Ef að sós-an klúðr-ast mass-íft, ef ég syk-ur-stjarf-a fæ. Ef við  
syngj-um vit-laust lag við „þá er há - tíð var í bæ“ Ef að  
jól - a - tré-ð fell - ur, ef það flæð - ir það - inu' úr. Ef við  
finn - um mat - ar - leif - ar frá í fyrr - a úti' - í skúr. Ef ég  
gleym - i ó-vart kert - i, ef það kvikn - ar í frá því. Ef að  
Kert - a - sník - ir fest - ist síð-an ó - vart strompn-um í. Ef ég  
gleyp - i kon-fekt-mol - a, ef ég gat - a nýj - an kjól. Ef ég  
gleym - i al - ger - leg - a að það eru' - að kom - a jól.

### Það verður allt í góðu lagi

Starfsfólk TM óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum.

Hvað sem verður... þá er betra að vera í hópi ánægðra viðskiptavina TM.



Hvernig skyldi núverandi fiskveiðistjórnun, forsendur hennar, rannsóknir, ráðgjöf og framkvæmd falla að þessum skoðunum Páls. Kerfi sem hefur faglega og fræðilega tiltölulega lítið þróast á þeim liðlega 30 árum sem það hefur verið við líði. Að mínu áliti hefur í meginatriðum ríkt fagleg stöðnun og þöggunartilburðir í kringum kerfið með sífellt þéttar riðnu eftirlitsneti með framkvæmd þess, ekki síst eftir að frjálsa framsalið og veðheimildir voru innleiddar í það árið 1990. Enn byggist það að miklu leyti á rannsóknatilgátum sem settar voru fram fyrir meira en hálfri öld og framkvæmdin útfærð með stöðugu stagi og búta-  
saumi í marglitar flíkur stærstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Lítil nýsköpun eða endurskoðun rannsóknnaðferða virðist hafa komist að og efasemdir eiga ekki upp á pallborðið. Í viðtali í Fiskifréttum 1. apríl sl. við Ólaf Karvel Pálsson fiskifræðing fæst skýr mynd af þeim rannsóknum sem ráðgjöfin og stjórnkerfið byggist á. Hann segir m.a.: Stofnstærðarmælingar og veiðiráðgjafarþátturinn er mjög yfirgnæfandi í starfsemi Hafró. Ég vil meina að umhverfis- og vistfræðirannsóknir hafi ekki fengið það vægi í okkar nálgun sem heildstæðar hafrannsóknir krefjast. Nálgunin hjá stofnuninni dugar ekki til þess að mæla samspilið milli allra þátta lífríkisins og tengja fiskistofnana við það.“ Þessi orð eru einkar athyglisverð hjá einum reynslumesta fiskifræðingi landsins, sem nú er kominn á eftirlaun. Kveður hér við svipaðan tón og í viðtali við norskan vísindamann og fyrrverandi starfsmann norsku hafrannsóknarstofnunarinnar, Jens Christian Holst, í Brimfaxa í desember 2014 en þar setti hann fram þá skoðun sína að hugmyndafræðilega byltingu þyrfti í nýtingu fiskistofna. Ekkert bólar hins vegar á slíkri byltingu hér á landi. Og það sem verra er, málin fást varla rædd.

## Öflug byggðastefna

Þótt strandveiðar vegi lítið í heildarmagni þess sem veitt er af þorski, hafa þær haft mikla þýðingu á mörgum þeirra staða sem farið hafa illa út úr kvótakerfinu. Víða hefur líf færst í áður dofin eða deyjandi samfélög og það sem meira er þá hafa strandveiðar og önnur smábátaútgerð eflt aðra starfsemi á viðkomandi stöðum svo sem ferðaþjónustu og ýmsan smáíðnað. Fá verkefni byggðastefnu hafa á

síðari árum því skilað meiri árangri en strandveiðarnar. Það ætti því að vera kappsmál að þetta kerfi fái að eflast og dafna. Einnig hafa strandveiðarnar opnað leið til nokkurrar nýliðunar í fiskimannastéttinni en á það hefur mikið skort á liðnum áratugum. Loks er það skoðun mín að nota ætti þessar veiðar til frekari rannsókna og þekkingaröflunar með því að gera það alfarið að sóknarstýringarkerfi. Þau gögn sem fást úr slíkum veiðum eru að verulegu leyti frábrugðin þeim sem aflað er á grundvelli aflamarksstýringar. Nægir í þessu sambandi að nefna að strandveiðin fer að mestu fram á grunnslóð og þar með á öðrum miðum en mikill hluti togaflans er tekinn. Þá er beint brottkast ekki til staðar á færaveiðum því að smáfiski er ekki hent heldur sleppt lifandi í flestum tilvikum. Að vísu er eitt atriði sem nauðsynlega þarf að laga í núverandi kerfi en það eru reglurnar um upptöku á afla umfram þau 650 þorskígildiskíló sem landa má úr hverri veiðiferð. Slík upptaka ætti að fara fram á verðminnsta afla hvers róðurs en ekki á meðalverði því annars er til staðar hvati til að kasta smáfiskinum og hirða verðmeiri fiskinn.

## Lokaorð

Strandveiðarnar eru mjög jákvæð viðbót í fiskveiðum hér við land og hafa fest sig í sessi á þeim sex árum sem liðin eru síðan þær voru fyrst teknar upp. Hins vegar þarf að þróa þær áfram og einfalda regluverkið í kringum þær eins og raunar þyrfti að gera við allar fiskveiðar við landið. Sömuleiðis þarf að auka rannsóknir á lífríkinu og veiðunum og gera tímabundnar tilraunir með útfærslu á þeim þar sem áhersla er lögð á vistfræði og víðtækt samspil lífríkis við viðkomu fiskistofna. Enn vitum við minna um lífríki hafsins en flest annað í náttúru jarðarinnar. Slíkar rannsóknir með þátttöku sjómanna væri líka leið til að auka tiltrú þeirra á fiskirannsóknunum en á hana skortir mikið meðal smábáta-sjómanna. Og miðað við þann þekkingargrunn sem nú er til staðar er örugglega ekki búið að finna endanlega lausn á því hvernig best er að stjórna fiskveiðum af mestri ábyrgð.

**Magnús Jónsson**

veðurfræðingur og félagsmaður í Drangey,  
Smábátafélagi Skagafjarðar.



# Bryggjudælur um allt land

Olís þjónar bátum við bryggjur landsins með eldsneyti á dælum. Olís býður jafnframt vandaðar rekstarvörur til útgerða og trausta þjónustu.



PIPAR \TBWA - SÍA - 154950

[www.olis.is](http://www.olis.is)

Nánari upplýsingar á sölu- og  
þjónustuborði Olís í síma 515 1100





**Veíða/sleppa skoðað frá fleiri sjónarhornum**

# Veíða og sleppa – vit eða vitleysa?

**E**f eitthvað gulltryggir fjörugar umræður í hópi veiðimanna er það veiða & sleppa (V&S) fyrirkomulagið, sem verður sífellt algengara í veiðiám heimsins, ekki síst þeim íslensku.

Yfirleitt skiptast skoðanir í svart og hvítt. Annarsvegar að aðferðin sé allra góðra gjalda verð til viðhalds tilteknum fiskistofnum og hinsvegar að hún sé rakið merki um úrkynjun veiðimennskunnar.

V&S er ekki nýtt af nálinni. Skráðar heimildir greina frá því að á annað hundrað ár eru síðan farið var að nota hana í Bretlandi og þá í tilfellum grófhreistraðra vatnafiska, þegar svo virtist að þeir ættu á brattann að sækja vegna veiðilags. Telja verður líklegt að veiðimenn hafi, fyrir þann tíma talið sér til hagsbóta að drepa ekki allt sem þeir klófestu.

Nú er vafalaust einhverjum lesendum kunnugt um áhuga ritstjórans á stangveiði. Því tek ég

fram strax í upphafi þessa pistils að ég hef ekki í hyggju að breyta Brimfaxa í rit um málefni stangveiðimanna. Ástæða þess að ég tek V&S til umfjöllunar er sú staðreynd að þessi aðferð er stunduð mun víðar en umræðan hefur snúist um. Það er raunar með ólíkindum hversu einangruð umræðan hefur verið um tvær fisktegundir í þessu sambandi.

Eitt af því sem haldið hefur verið fram er að um hreint og klárt dýraplagerí sé að ræða þegar fiski er sleppt – þeir séu sárþjáðir, sjokkeraðir og upp til hópa dauðvona eftir að hafa gengið í gegnum það ferli að hafa glapst á öngul og barist um. Sem fiskimaður í hartnær hálföld, bæði sem atvinnumaður til sjós og „sport“veiðimaður til lands gef ég nokkurn vegin ekkert fyrir þennan málflutning.

Spurningin sem hlýtur að kvikna er þessi: hvort veldur það meiri röskun í lífshlaupi fiskanna að veiða þá og drepa, eða veiða þá og sleppa þeim?

Fyrir liggja niðurstöður fjölmargra rannsókna, bæði á ferskvatns- og sjávardýrum sem sýna að sáralítið drepst af þeim einstaklingum sem sleppt er, hvort sem um er að ræða túnfisk, Atlantshafslax, þorsk, krabbadýr eða humar.

Rannsóknir hafa einnig leitt í ljós að sársauka-tilfinning fiska er í litlu eða engu samræmi við það sem við mannskepnurnar þekkjum. Frá sjón-  
arhóli fiskimanna hljómar þetta sennilega. Fiskar, t.d. þoskur og úsa, bryðja allskyns kvikindi sem myndu að óbreyttu valda meiriháttar eymslum og sársauka í munnvikum og munni: smáhumar, smákrabbar, kuðungar og ekki síður karfar, sem t.d. þoskur hikar ekki við að gleypta.

Allir sem staðið hafa í fiskmóttöku á togara á Íslandsmiðum vita að karfinn úfir bak og bringu og ekkert spaug að fá gadd í fót eða fingur. Sjómenn við suður- og vesturströnd Íslands þekka mætavel að í maga stórþorsks getur leynst stærðarinnar humar, karfi og jafnvel gaddakrabbi.

En hverskonar hegðun veiðimanna er það eiginlega að veiða fisk og sleppa honum?

Er ekki markmiðið með veiðum að skaffa í matinn, drepa og draga björg í bú? Vissulega og sé lítið á heildartölur í fiskveiðum heimsins er það höfuðreglan.

Sú aðferð, að sleppa hluta bráðar verður engu að síður sífellt algengari og nær til stöðugt fleiri fisktegunda og vatna/sjávardýra, ekki einungis í ferskvatnskerfum heimsins heldur og ekki síður á höfum úti.

Margir hafa séð sjónvarpsefni um túnfiskveiðar við austurströnd Bandaríkjanna, þar sem smábátasjómenn nota sjóstangir til veiðanna. Meðal fiskimannanna sem þessar veiðar stunda ríkir sát um reglurnar sem settar hafa verið um að sleppa beri túnfiski (bláugga) sem er undir 185 sm á lengd. Með þessu telja fiskimennirnir sig vera að leggja í púkkið til framtíðar. Af sjónvarpsþáttunum að dæma er ekki að sjá að þeir líti á þetta sem tækifæri til að fá útrás fyrir annarlegar hvatir til að níðast á fiskunum.

Flestar, ef ekki allar veiðar á krabba og humar í heiminum eru háðar reglum um að sleppa beri dýrum undir ákveðnum stærðarmörkum.

Þetta hafa þeir séð sem t.d. fylgjast með þáttunum „Deadliest Catch“, þar sem krabbaveiðimenn stunda hið úfna Beringshaf á skipum sem héraendis myndu vart ná máli sem alvöru úthafsveiðiskip.

Það er mál þeirra sem til þekkjast að besta veiðistjórnun sem til er (Íslenska fiskveiðikerfið meðtalið) sé á humarveiðum við austurströnd Bandaríkjanna og Kanada. Þar eru mjög strangar reglur um að sleppa skuli dýrum undir ákveðnum stærðarmörkum.



**SMÁHUMAR** fagnar hér ákaft V&S fyrirkomulaginu.

Svo vill til að sá sem þetta skrifar varð vitni að því fyrir allnokkrum árum þegar humarveiðimaður á Gaspé skaganum á Austurströnd Kanada var gómaður af lögreglu vegna ábendinga um að hann stæði ekki heiðarlega að málum. Aðgerð lögreglunnar var svo umfangsmikil að mér datt helst í hug að hún hefði klófest eftirlýstan fjöldamorðingja. Ég fékk fréttir af eftirmálum og viðkomandi veiðimaður missti ekki aðeins veiðileyfið. Hann fékk himinháa sekt, missti bátinn, veiðarfærin, húsið sitt og allar þær veraldlegu eigur sem hægt var að hafa af honum.

Ég minnst þess einnig að fyrir nokkrum árum rakst ég á á umfjöllun um stjórn humarveiðanna útaf New York fylki. Þar var fullyrt að þetta fyrirkomulag hefði ekki reynst verr en svo að humarstofninn á svæðinu væri í betra ásigkomulagi en hann hefði verið í 120 ár. Það tæki

trúlega marga stjórnlögfræðinga langan tíma að sannfæra veiðimennina um að V&S virki ekki og sé til bölvunar.

Það skal tekið fram að þessum veiðum er ekki stjórnað með kvótum, heldur sóknarmarki, þ.e. takmörkuðum fjölda af gildrum, veiðileyfum, veiðitíma, veiðisvæðum og skyldu að sleppa humri undir ákveðnum stærðarmörkum.

Hringinn í kringum hnöttinn er að finna reglur sem skylda veiðimenn til að sleppa fiskum, skeldýrum og fleiri sjávardýrum, hafi þau ekki náð tilteknum stærðarviðmiðunum.

Á sama tíma eru þeir til sem halda því fram af hjartans einlægni að eina viðreisnarvon fiskistofna sé að veiða sem ákafast úr þeim.

Veiðar skapi rými fyrir nýtt líf, sé þröng á þingi og fæðuframboð ekki í samræmi við eftirspurn. Grisjun er oft á tíðum jafn nauðsynleg og varfærni og einstaka líffræðingar hafa bent á að það geti verið verra fyrir viðgang fiskistofna að veiða lítið úr þeim en að veiða mikið.

Í heimi, þar sem síbyljan er sú að „varúðarreglur“ séu öllu æðra, hefur þeirri hugsun verið splæst svo rækilega saman við „friðun“ að mætustu mönnum virðist fyrirmunað að leggja þann skilning í nýtingu t.d. fiskistofna að veiðar skapi rými fyrir endurnýjun og viðhald lífs og þar með viðkomandi tegundum til framdráttar.

Á sama tíma verður jafnframt að líta til þess að mörg dæmi eru um það að sjávar- og ferskvatnsdýrastofnar hafa verið veiddir svo ákaft að eðlileg „sjálfbærni“ virðist ekki möguleg.

Ekki er úkja langt síðan að svo mikið var til af styrju, beggja vegna Atlantshafsála að henni var bókstaflega mokað upp á báðar hendur. Stórfliót austurstrandar Bandaríkjanna voru svo kjaftfull af styrju að um talsverðan tíma var sú iðja stunduð að veiða hana, hirða hrognin og flytja út til Evrópu og síðan inn aftur sem rússneskur Beluga kavíar. Þar var hann seldur ríka fólkinu á dágóðu verði, í glæsilegum pakkningum.

Svo gríðarlegt var magnið að við Hudson fljótið buðu ölkrárnar á svæðinu upp á þetta lostæti

eins og salthnetur eru boðnar í dag – frítt með bjórnum.

Nú eru styrjuhrogn af „snobbuðustu“ gerð - svo dýr að þau eru einungis á færi þeirra sem vita ekki aura sinna tal. Ástæðan er ekki flókin. Svo heiftarlega var gengið að þessum fornsögulega fiski að í dag er hann sjaldséðari en glóandi gull, í orðsins fyllstu merkingu. Eins og í tilfelli laxins, bláuggatúnfisksins og fleiri tegunda virðist eina vonin til þess að þetta hnossgæti standi áfram til boða sú að ala þessar tegundir í lokuðu rými – fiskeldi.

Staðreyndin er sú að við nýtingu sjávar- og vatnadýra/fiska hafa hvarvetna verið settar reglur um stærðarmörk. Frá Ástralíu til Japan og frá Noregi til Alaska. Af ástæðu sem ekki verður reynt að kryfja hér, er sáralítið um athugasemdir vegna alls þessa á sama tíma og sú gjörð veiðimanna að sleppa laxi eða silungi er eitt heitasta deilumál veiði- og vísindamanna.

Hvernig sem á því stendur snúyst öll þessi umræða um brota-brota-brot af heildarmyndinni.

Þótt sú staðreynd blasi við að V&S sé stundað allan ársins hring í atvinnufiskveiðum (sem og sportveiðum) þvers og kruss um hnöttinn, stendur engu að síður sama grundvallarspurningin:

„hvers konar hegðan er að veiða og sleppa bráð, hvort heldur hún er skilyrt með lögum og reglum eða uppátæki einstakra veiðimanna?“

Er það ekki óeðli að „veiða“ dýr til þess eins að sleppa því? Í tilfellinu þar sem settar hafa verið reglur sem skikka menn til hlutanna má til sanns vegar færa að „meðafli“ sé óhjákvæmilegur við flestar atvinnuveiðar og því eina úrræðið, þar til menn finna upp tækni sem gerir veiðarnar „hreinar“ (ef slík tækni finnst þá nokkurn tíma). Ástæða þess að orðið veiða er sett í gæsalappir er sú að máltilfinning okkar segir að undirliggjandi sé orðið „drepa“ - sér eða öðrum til lífsbjargar.

Þetta er atriði sem full ástæða er til að staldra við og reyna að skilja og skilgreina. Yfir þessu liggur huliðsblæja, hugsanlega vegna þess að

# SKOÐUM SKIPUM LAND ALLT



## ÞÍNIR MENN Í SKIPASKOÐUN -áratuga reynsla

Stefán Hans Stephensen .....	s. 8608378	stefans@frumherji.is
Axel Axelsson .....	s. 8608379	axela@frumherji.is
Einar Hilmarrson.....	s. 8651490	einarjh@frumherji.is
Guðmundur Hanning Kristinsson .....	s. 8608377	hanning@frumherji.is
Guðgeir Svavarsson .....	s. 8953102	gudgeirs@frumherji.is
Guðmundur G. Guðmundsson .....	s. 8953103	gudmundurg@frumherji.is



**Frumherji**  
Skipaskoðunarsvið



**RANNSÓKNIR, T.D. Í KANADA** sýna ótvírætt að þorskur dreginn af grunnu vatni á nánast alla möguleika á góðu „framhaldslífi“.

veiðimenn hafa reynt feimnir þegar að því kemur að fjalla um þetta.

Í þessu máli, sem öðrum, leysir þögnin ekki gátuna.

Eins og áður er getið greinir veiðimenn hér á innbirgðis, sem og fræði- og vísindamenn. Til er þriðji hópurinn sem telur allar veiðar, hvort heldur á fiskum eða öðrum dýrum, vera villimennsku sem beri að stöðva með öllum tiltækum ráðum og allir eigi að lifa á grænmeti og ávöxtum. Um þau sjónarmið verður ekki fjallað hér, hvað sem síðar verður.

Minn skilningur á orðinu „vísindi“ er sá að þeir sem þau stunda beri skylda til að draga látlaust í efa „sannleika“ dagsins í dag. Í raun sé ekkert alrangt eða alrétt. Látlaus þekkingarleit og efahyggja sé eina aðferðin sem geti mjakað okkur í átt að betri skilningi tilverunnar.

Sagan sýnir að þeir sem fullyrða fyrirvaralaust um hluti hafi að meðaltali rangt fyrir sér. Eins og í öllum alhæfingum felst í þessari fullyrðingu sama skemmtilega þverstæðan og í spurningunni um það hvort rakarinn í Sevilla raki alla í Sevilla sem raka sig ekki sjálfir – og hvort hann raki sig því sjálfur.

Uppgötvanir gáfuðustu einstaklinga mannkynssögunnar hafa þurft að þola að síðari tíma rannsóknir og mælingar hafa afsannað niðurstöður þeirra.

Ekki einu sinni hraði ljóssins er þar undanskilinn, hvort sem Einstein hefði líkað það betur eða verr. Ljóshraðinn er minni í dag en hann var í gær. Munurinn er vitaskuld svo lítill að það er ekki á færi að skynja, en sé miðað við milljarða ára, liggur það fyrir.

Í hinu sögulega samhengi þess sem við mennirnir teljum okkur hafa orðið áskynja, þá erum við herrar jarðarinnar. Engin lífvera, hvort um ræðir 200 tonna hval eða fjölonæma bakteríu sem er brotabrot úr millimetra hefur álíka burði og við til áhrifa og breytinga á umhverfi og vistkerfi. Það er svo annað mál að þessi áhrif eru í mörgum tilfellum miklu minni en margur vill vera láta.

Um getu mannsins til að hafa áhrif á heilu vistkerfin verður varla um deilt. Við erum t.d. eina lífveran hér á jörð sem hefur hæfileika til þess að lesa það sem hér er skráð og draga af því ályktanir og skoðanir, hvað þá að framkvæma athafnir sem afleiðu.

Á sama tíma og við aukum látlaust getu okkar með því að samnýta uppsafnaða þekkingu okkar og reynslu verður ekki betur séð en að dýr merkurinnar séu föst í fari; fíll er fíll og þorskur er þorskur. Dýr geta vissulega lært af reynslu, en sá lærdómur virðist bundinn hverri kynslóð. Séu þau að miðla uppsafnaðri þekkingu milli kynslóða sjást þess engin merki sem við fáum greint.

Þessi hæfni mannsins – okkar, að safna upp reynslu og þekkingu forveranna - leiddi til þess að við tókum upp hjarðbúskap. Þetta er ein stórtækasta umbreytingin í framvindu mannkynssögunnar. Í stað þess að einstaka veiðimenn færu út á mörkina í leit að bráð, áttuðu forfeður okkar sig á því að hægt var að brjóta vilja tiltekinn dýrategunda til undirgefni. Svín, geitur og sauðfé lágu beinast við og fjölmargar dýrategundir fylgdu í kjölfarið.

Fátt liggur betur við höggi en að gagnrýna iðnaðarframleiðslu nútímans á hverskonar kjöti. Svína- kjúklinga- og nautgripaeldi eru þar mest áberandi, en fiskeldi verður sífellt fyrirferðameira í þessari umfjöllun.

Fiskimenn nútímans eru í raun að fylgja sama mynstrinu, meðvitað og ómeðvitað. Þeir eru að færast á stig bóndans, þ.e. að nýta/drepa hluta hjarðarinnar en láta hinn hluta hennar lifa til uppskeru morgundagsins.

Dæmið sem Íslendingum er nærtækast er sauðfjárþúskapur. Bændur reka fé síðla hausts til

byggða og færa lömbin frá – til slátrunar. Þeir „veiða“ rollur og lömb á fjalli en sleppa stórum hluta „veiðinnar“ við akstur í slátruhúsið.

Eru bændur með þessari hegðan að stunda niðingshátt gagnvart skepnunum? Varla. Ég þekki engan bónda sem hefur af því ánægju að færa í sundur. Það mætti frekar segja mér að þeir gleðjist fyrir hönd þeirra lamba sem fá að lifa. Er hegðan fiskveiðimanna, sem sleppa hluta af því sem þeir veiða eitthvað frábrugðin hegðan bændanna?

Til sjós sleppa þeir ótal tegundum sem rannsóknir hafa sýnt að lifa ágætu lífi í framhaldinu og í ferskvatni virðist það sama upp á teningnum. Um hvað snýst þá deilan sem getið var um hér í upphafi? Keisarans skegg?

**Arthur Bogason**

## Framtak-Blossi er orðinn umboðsaðili fyrir Volvo penta rafstöðvar og skrúfuvélar á Íslandi



**VOLVO  
PENTA**

**Sala á Volvo Penta  
varahlutum og  
viðgerðarþjónusta**

**FRAMTAK  
BLOSSI ehf**

Dvergshöfða 27 - 110 Reykjavík  
[www.blossi.is](http://www.blossi.is) - [blossi@blossi.is](mailto:blossi@blossi.is)



**Brian O'Riordan, framkvæmdastjóri LIFE**

## Löngu tímabær samtök fiskimanna stofnuð í Evrópu

**E**vrópskir fiskimenn hafa skapað vettvang fyrir þá sem stunda veiðar með kyrrstæðum veiðarfærum. Samtökunum var hleypt af stokkunum í nóvember 2012 á þingi fiskimanna í Santiago á Spáni og formlega skráð í Bretlandi árið 2014. Á þessu ári var skrifstofa opnuð í Brussel.

Nafn samtakanna er „Low Impact Fishers Europe“ (LIFE), á íslensku myndi það útlleggjast sem samtök um fiskveiðar með kyrrstæðum veiðarfærum. Það var löngu tímabært að stofna til þessara samtaka.

Á þinginu, þar sem samtökin voru stofnuð sátu 50 fulltrúar fiskimanna frá 9 Evrópulöndum. Þeir samþykktu allir sem einn yfirlýsingu sem skilgreinir það sem LIFE stendur fyrir:

- Nota veiðarfæri/tækni sem hafa lítil áhrif á búsvæði sjávar og samsetningu fiskistofna;
- Fiskimenn sem starfa á eigin fiskibátum;
- Skuldbinda sig með það að markmiði að tryggja að starfsemi þeirra sé sjálfbær,

m.a. með því að virða reglur og ef slíkar reglur eru ekki til staðar eða þær ófullnægjandi, munu þeir sjálfir grípa til ráðstafana til verndunar fiskistofnum og umhverfi;

- Viðhalda sterkum félagslegum, menningarlegum og efnahagslegum tengslum við sín samfélög.

Þeir fiskimenn sem nota veiðiaðferðir sem hafa skaðleg og eyðileggjandi áhrif á umhverfið, geta ekki orðið meðlimir LIFE. Hvert og eitt aðildarríki skilgreinir þessar aðferðir fyrir sitt heimaland. Þau samtök fiskimanna sem vilja ganga til liðs við LIFE þurfa að gangast undir hina sameiginlegu yfirlýsingu og starfa í samræmi við ofangreinda skilmála.

Til LIFE var stofnað svo smábátasjómenn og -eigendur í Evrópu, bæði karlar og konur, ættu sterka og sameiginlega rödd til að berjast fyrir hagnunum þeirra. Það er sorgleg staðreynd að rödd þeirra hefur svo sannarlega barist við ofurefli. Hlutverk LIFE er að ná fram breytingum sem gera fiskveiðar sjálfbærar með notkun kyrrstæðra veiðarfæra ásamt því að styrkja eftir fremsta megni félagslega og efnahagslega



stöðu fiskimanna og -kvenna sem nota slíkar veiðiaðferðir.

Með tilkomu samtakanna opnast sá möguleiki fyrir evrópskar smábátaútgerðir að þróa og miðla sameiginlegri afstöðu og hafa þannig áhrif á þróun og framkvæmd, stefnu og löggjöf, þ.m.t. vegna sameiginlegrar fiskveiðistefnu Evrópusambandsins (Common Fisheries Policy - CFP). Að auki mun LIFE vinna að stofnun svæðisbundinna félagasamtaka þar sem hörgull er á þeim.

Eitt stærsta verkefni LIFE er að knýja á um framkvæmd 17. greinar hinnar nýlega endurbættu fiskveiðistefnu Evrópusambandsins. 17. greinin skuldbindur aðildarríki Evrópusambandsins til að nota gagnsæ og hlutlæg viðmið í umhverfis-, félags- og efnahagslegum þáttum, þegar úthlutað er veiðiheimildum. Þær viðmiðanir sem nota skal geta t.d. verið áhrif veiða á umhverfið, framlag til hagkerfis í heimabyggð og veiðireynsla. 17. greinin hvetur einnig aðildarríkin að búa til hvata til útgerðanna að taka upp kjörhæf veiðarfæri eða taka upp veiðiaðferðir með minni umhverfisáhrifum, svo sem með minni orkunotkun eða röskun búsvæða.

Hér síðar í greininni kemur fram að það var kröfum smábátaútgerða að þakka að 17. greinin var felld inn CFP við síðustu endurskoðun. Einn embættismaður framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins lýsti þessu ákvæði sem „beinlínis byltingarkenndu“.

Félagar LIFE samtakanna eru í dag frá Póllandi, Þýskalandi, Bretlandi, Írlandi, Frakklandi, Hollandi, Grikklandi og Spáni. Í vinnslu eru umsóknir frá fiskimannasamtökum í Króatíu, Ítalíu, Portúgal, Svíþjóð og Danmörku. Allt í allt eru 17 samtök á landsvísu í LIFE, með um 3000 félagsmenn.

## Umbætur á evrópsku fiskveiðistefnunni

Fram að síðustu endurskoðun og umbótum á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins sem hófst 2009 og lauk 2014 má færa rök fyrir því að ESB hafi ekki haft neina stefnu varðandi smábátaútgerðina. CFP gaf þó aðildarríkjunum kost á að nota 12 mílna landhelgina og strandsvæði til að veita minni útgerðum forgang.

Með örfáum undantekningum réðust málefni smábátaútgerða innanlands hjá hverju ríki og skiptu litlu sem engu á vettvangi ESB. Talsmenn þeirra sátu því uppi með þann veruleika að til þess að koma að sínum sjónarmiðum þurfti það að gerast í gegnum samtök sem fyrst og fremst þjónuðu hagsmunum og þörfum stærri útgerðarfyrirtækja og oft á tíðum í gegnum starfsmenn þessara fyrirtækja. Þar á meðal er samtök framleiðenda (POS) sem var stofnað til af ESB sem leið til að dreifa kvótum og samtök útgerðarmanna fiskiskipa, til að eiga samskipti við stefnumótendur á sviði fiskveiðistjórnunar.



**FJÖLBREYTNÍ FÍSKAFLÓRUNNAR** Evrópskir fiskimenn veiða fjölmargar tegundir sem sjást sjaldan og aldrei á Íslandsmiðum.

Smábátaútgerðin hefur verið meira og minna út í kuldanum varðandi samráð og stefnumótun sjávarútvegs mála. Um þessi mál hafa vélað hagsmunafélög stærri fiskiskipa, smásala og neytenda ásamt frjálsum félagasamtökum og stéttarfélögum. Fulltrúar stórútgerðarinnar hljóta stundum að hafa verið með verkjum þegar þeir héldu því hiklaust fram að þeir væru

fulltrúar allra útgerðarhópa, stórra sem smárra. Staðreyndin var sú að þau málefni sem rædd voru á þessum vettvangi og þær ákvarðanir sem teknar voru í framhaldinu voru sjaldnast kynnt fyrir smábátaútgerðinni og hvað þá að þeim væri gefinn sá möguleiki að veita umsagnir.

Þetta breyttist allt árið 2009. Í aðdraganda endurskoðunar sjávarútvegsstefnunnar setti framkvæmdastjórn ESB fram þá spurningu hvort ekki væri viðeigandi að setja fram tvíhliða fiskveiðistjórnun sem annarsvegar væri fyrir stærri útgerðir og hinsvegar fyrir þær minni. Slík stjórnun gæti verndað viðkvæmustu strandsvæðin og strandveiðisamfélögin vegna þess niðurskurðar sóknargetu sem talinn var nauðsynlegur í fiskveiðiflotanum.

Vegna þessa niðurskurðar flotans, gerði framkvæmdastjórn ESB ráð fyrir því að atvinna í fiskveiðum myndi dragast saman 60% á 10 árum og að verst myndi þetta koma niður á smábátaútgerðinni sem skapar um 40% af störfunum og stendur fyrir um 80% af heildarfjölda fiskiskipa og -báta.

Í þessum áformum framkvæmdastjórnarinnar var gert ráð fyrir því að stórútgerðin yrði efnahagslega sjálfbjarga og því lagt til að opinber fjármögnun yrði nýtt til aðstoðar smábátaútgerðinni svo hún mætti laga sig að breyttum aðstæðum í kjölfar endurskoðunar fiskveiðistefnunarinnar og styrkja þannig efnahagslega hagkvæmni og viðhalda framlagi smábátaútgerðarinnar til sjávarbyggðanna.

Þó að hugmyndin um aðgreinda nálgun væri studd af Evrópuþinginu, þar sem gert var ráð fyrir sérstökum áætlunum til að styðja litlu sjávarútvegsfyrirtækin, þá var um þetta engin samstaða meðal aðildarríkja ESB. Mörg aðildarríki töldu að það væri alfarið þeirra mál hvernig þau stjórnðu smábátaveiðunum innan sinna lögsagna.

Á þeim tíma sem endurskoðun sameiginlegu fiskveiðistefnunnar stóð yfir varð til óformlegur hópur óánægðra en mjög áhugasamra smábátaútgerðarmanna frá Svíþjóð, Danmörku, Frakklandi, Bretlandi, Írlandi, Spáni, Grikklandi og Hollandi. Hópurinn talaði kröftuglega fyrir hagsmunum litlu útgerðanna á svæðinu frá

 **Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta**  
**Bjóðum aðeins viðurkenndan búnað**

**Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar jóla- og nýárskveðjur með ósk um gæfuríkt komandi ár.**

  Hliðarskrúfur	  Kraftur Ending Sparneytni Áreiðanleiki	  Stjórntæki og girar
  Alternatorar og DC rafalar	  Mótorpúðar	  Al fórnarskaut og zink
  Sjóinntök, lokar, sjósiur og fl.		

Marás ehf.  
Miðhraun 13 - 210 Garðabær  
Sími: 555 6444 - Fax: 565 7230  
www.maras.is

**Allt fyrir nýsmiðina**      **Allt fyrir sjávarútveginn**

Eystrasalti til Miðjarðarhafs og börðust sem mest þeir máttu meðan á endurskoðuninni stóð. Þessir aðilar töldu að þeir hefðu þurft að þola illa meðferð vegna fyrri stefnu, þar sem horft hafi verið framhjá réttindum þeirra varðandi fiskveiðarnar ásamt aðgangi að mörkuðum og þar með tækifæri til að þróa fyrirtæki sín. Sér í lagi töldu þeir að þeim hefði verið haldið frá kvótakerfum með ólöglegum hætti og þar með hefði verið komið í veg fyrir réttmætt aðgengi þeirra að hefðbundnum auðlindum.

Rök þeirra voru að verulegur hluti af evrópska fiskveiðiflotanum væru smábátar sem notuðu ekki stórvirkar veiðiaðferðir og hefðu því tiltölulega lítil áhrif á lífríkið. Einkenni smábáta-útgerðarinnar væru fjölbreyttar veiðiaðferðir og árstíðarbundnar veiðar margra fisktegunda. Kostir þessara eiginleika hefðu að mestu gleymst/týnst í sameiginlegu fiskveiðistefnunni.

Þeirra tillaga var því sú að þetta yrði leiðrétt með því að veita þeim forgang til fiskveiðanna sem stunduðu þær á umhverfisvænasta mátann og styddu best við strandveiðisamfélögin. Þessi krafa

var felld inn í sameiginlegu fiskveiðistefnuna sem grein nr. 17 eins og lýst er hér að framan.

Í hinni nýju sameiginlegu fiskveiðistefnu eru réttindi litlu útgerðanna (bátar styttri en 12 metrar sem nota kyrrstæð veiðarfæri) að taka nú þátt í formlegu samráðsferli í gegnum hinar svæðisbundnu ráðgjafanefndir (Regional Advisory Councils (ACS). Þetta er að auki stutt með sérstökum ákvæðum. Þannig eiga nú smábátaútgerðarmenn föst sæti í ráðgjafarferlinu og atvinnufiskimenn fá greitt tekjutap sem þeir verða fyrir þegar þeir sækja fundi í því sambandi.

Í dag er LIFE að vinna að því að opna aðstöðu og skrifstofur á fjórum lykilstöðum: Eystrasalti, Norðursjó, Biscaya flóa og við Miðjarðarhaf.

Markmið LIFE er að tryggja þátttöku félagsmanna í hinum svæðisbundnu ráðgjafarnefndum þar sem félagasamtök þeirra koma saman og ræða sameiginleg málefni og leggja til viðeigandi aðgerðir.

**Brian O’Riordan, framkvæmdastjóri LIFE**



**FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.**

Tækin í brúnnna frá FAJ  
Fyrir allar stærðir skipa og báta

**Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra jóla- og nýárskveðjur með ósk um gæfuríkt nýtt ár.**

**SIMRAD**
Simrad NSO Fjölnota siglingatölva.



Plotter með sjökort. Dýptarmælir og fiskileit. Ratsjármynd. Velaaflestur. Myndavéla inngangur. AIS upplýsingar. Frjáls uppsetning skjámynda.

Tvær sjálfstæðar tölur í einu húsi stýra einum eða tveimur hefðbundnum tölvuskjám.





OP40 Fjarstýring. Ein eða tvær mýs stýra aðgerðum.

**SIMRAD**
Simrad fiskileitartæki og dýptarmælar.



BSM 3 er með mjög góða aðgreiningu. Breitt tíðniband og chirp tæknin sýnir fisk mjög vel.

Sonarhub sýnir botn og fiskendurkast ásamt downscan mynd sem er nánast eins og ljósmynd.

3D þrívíddarsendir les botninn og birtir hann í þrívídd á skjá. Mjög svo myndræn framsetning.

Forward scan horfir fram fyrir og sýnir dýptarprófil sem er fyrir framan í siglingarstefnu.



Simrad BSM3 2faldr sendir



Simrad Sonarhub



**Fríðrik A. Jónsson ehf**  
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ  
S: 552 2111 - [www.faj.is](http://www.faj.is)

**Siglinga, fiskileitar og rafeindatæki**

desember 2015 **Brimfaxi** | 41



Hilmar Snorrason skrifar um öryggismál

# Öryggið í fyrirrúmi

**A**llt of oft lesum við fréttir í dagblöðum um að smábátar hafi lent í vandræðum sem hafa orðið til þess að þeir þurfi aðstoð til að komast til hafnar. Í mörgum tilfellum er um vélabilun að ræða en einnig koma fréttir um að skipstjórnendur hafi sofnað við stjórn báta sinna. Hefur þá afleiðing þess verið sú að bátum er siglt á land og vakna menn þá sannarlega upp við vandan draum.

Í samantekt Rannsóknarnefndar sjóslýsa (nú Rannsóknarnefnd samgönguslýsa) sem tók til árána 2000 til 2011 að báðum árum meðtöldum strönduðu 23 smábátar og tvö stærri skip eftir að stjórnendur þeirra höfðu lyngt aftur augum sínum á heimleiðinni. Við nánari skoðun á þessum atvikum kom í ljós að samfelldur vökutími stjórnendanna var að

meðaltali 22,5 tími sem sannarlega er langt frá því að vera viðunandi. Sá sem lengsta vöku hafði átti að baki 45 stunda vöku.

Það ætti flestum að vera ljóst að hér sé á ferðinni vandi sem þarf að eyða. Bátar sem stunda veiðar með einum skipverja mega ekki vera lengur úti en í 14 tíma og er það að sjálf-sögðu liður í að uppfylla svokölluð hvíldar-ákvæði. Árið 1921 voru hin frægu vökulög sett sem tryggðu sjómönnum 6 tíma lágmarkshvöld á sólarhring en þekkt var að menn voru látnir standa sólarhringum saman. Vökulögin voru eitt fyrsta dæmið um réttindi sem áunnust í verk-lýðsbaráttunni. Oft var sagt að þessi lög hefðu strax verið brotin. Síðan eru liðin mörg ár og margt hefur áunnist í réttindabaráttu sjómanna.

Eitt af því sem breyst hefur er að sett hafa verið ákvæði í sjómanna-lögin sem og í reglugerð um vinnu- og hvíldartíma um borð í skipum. Þessi ákvæði leystu í raun gömlu vöku-

lögin af hólmi. Þar segir í stuttu máli að sérhver skipverji skuli eiga rétt á nægilegri hvíld og skal hámarksfjöldi vinnustunda á viku takmarkaður við 48 klukkustundir að meðaltali. Þá að vinnutími megi ekki vera lengri en 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili og 72 klst. á hverju 7 daga tímabili og hvíldartími skuli að lágmarki vera 10 klst. á hverju 24 klst. tímabili og 77 klst. á hverju 168 klst. tímabili. Þrátt fyrir þessi ákvæði þá getur skipstjóri krafist að skipverjar vinni þann fjölda vinnustunda, sem nauðsynlegur er fyrir öryggi skipsins, allra um borð, búnaðar eða farms, eða til að koma til hjálpar öðrum skipum eða mönnum í sjávarháska.

Fyrir stuttu var ég að ræða við sjómann sem hafði verið yfir 20 tíma á sjó og fékk bágt fyrir. Hann var ósáttur við það þar sem hann hafði lagt sig um tíma og hefði því fengið hvíld meðan á sjóferð varði. Hann var einn um borð og taldi nú lítið mál að fá sér krúu. Samkvæmt Alþjóðasiglingareglunum þá skal ávallt haldinn dyggur vörður um borð í hverju skipi sem gerir þá kröfu einnig til einyrkja að það sé ávallt fylgst með skipaumferð og því er svefn í veiðiferð þar sem einn skipverji er um borð brot á vaktreglum skipa og síst til að auka öryggi á sjó.

Þegar vel fiskast getur sú staða komið upp að menn vilji ná öllum þeim afla um borð sem frekast er kostur á enda geta komið dagar þar sem brælur og lítil fiskgengd tekur við. Þá getur kappið yfirtekið forsjána. Ekkert skip hefur óendanlegt burðarþol og stöðuleikinn er ýmsum takmörkum háður. Kunn er sú saga þegar tveir skipverjar lentu í mokveiði og annar þeirra fór að hafa áhyggjur af að báturinn væri farinn að síga óeðlilega í sjó. Sá sem var á rúllunni taldi nóg pláss vera eftir um borð og að áfram yrði haldið. Þegar hver fiskurinn á fætur öðrum kom inn fyrir borðstokkinn tók sá áhyggjufulli á það ráð að læða þeim þvert yfir bátinn og fyrir borð aftur á öndverðri síðu. Þegar hætti að taka þá snéri sá sem var á rúllunni sér við og lét þau orð falla að það hefði ekki verið neitt mál að koma öllum þessum afla fyrir um borð.

Sérhvert skip hefur aðeins ákveðna burðar-getu og þegar stöðugleikinn er reiknaður út þá er gert ráð fyrir ákveðnum afla sem er sú hámarkshleðsla sem viðkomandi skipi eða bát er ætlað að bera. Er sú hleðsla notuð

meðal annars til útreikninga stöðugleika enda uppfyllir báturinn þá allar stöðugleikakröfur sem gerðar eru til hans. Þegar farið er að ofhlaða báta umfram það sem reiknað er fer stöðugleikinn rýrnandi þar sem þungi eykst um borð og þar af leiðandi leggst báturinn dýpra í sjó. Sjósöfnun á þilfari drekkhlaðins báts mun þá einnig hafa veruleg áhrif á stöðugleikann.

Þá má í mörgum tilfellum einnig gera ráð fyrir þegar mikill afli er kominn að lestin sé þá þegar orðin full og allur viðbótarafli þá settur á þilfar sem einnig getur rýrt verulega stöðugleikann. Því þurfa allir skipstjórnarmenn að kynna sér vel stöðugleikagögn sinna báta og þar með að tryggja aukna þekkingu á getu bátanna. Að komast að landi með drekkhlaðinn bát í eitt sinn er ekki mælikvarði á getu báts til að koma með sama magn að landi aftur óháð veðrum og sjólagi.



**DNG**  
**MAKRÍLVEIÐITÆKI**  
ÖRUGGT OG ÞÆGILEGT Í NOTKUN  
FYRIRFERÐALÍTIÐ  
AFKASTAMIKIÐ

**Slippurinn Akureyri ehf.**  
Naustatanga 2, 600 Akureyri, ICELAND  
Tel: +354 460 2900      dng@dng.is  
Fax: +354 460 2901      www.dng.is



**HILMAR SNORRASON** skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna og nefndarmaður í Rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Því miður hafa allt of margir bátar ekki komist til hafnar eftir að hafa horfið af yfirborði sjávar sökum ofhleðslu.

Rannsóknir á orsökum sjóslýsa eru afar mikilvægur þáttur í að auka öryggi sjófarenda en með þeim er leitast við að komast að orsökum slysa og óhappa til sjós. Því er mikilvægt að allir sjómenn fylgist vel með rannsóknum og kynni sér niðurstöður þeirra á atvikum á sjó til að draga af þeim lærdóm sem ætlaður er til að auka öryggi skipverja og skips. Öryggið verður aldrei betra en það sem skipverjarnir byggja sjálfir fyrir sinn eigin bát og eftirbreytni er leiðin til öryggis hafi menn verið að leika sér að hættunum.

Það er allra hagur að fara vel hvíldir í veiðiferð, sýna ávallt árvekni meðan á sjóferð stendur og kynna sér vel hver sé sú hámarkshleðsla sem ekki ógnar öryggi skips og áhafnar og fara ekki fram úr þeim mörkum. Þannig setjum við öryggið í fyrirrúm.

**Hilmar Snorrason**

# Flotvinnugallar

## Ath! 15%

### afsláttur til félagsmanna

Pilkar - krókar - ofl.



## Vesturröst

Sérverslun veiðimanna Laugavegi 178 - s: 551 6770 - [www.vesturröst.is](http://www.vesturröst.is)



Léttir - Þægilegir  
Öryggir - Sterkir

FLADEN flot og björgunar fatnaður er prófaður samkvæmt stöðlum EU og eru CE merktir. FLADEN flotgallar eru þeir léttustu á markaðnum og einstaklega þægilegir. FLADEN flotgallar eru með ISO 15027-1 vottun. FLADEN notast eingöngu við SOLAS endurskin.

# VÉLASALAN

Til sjávar og sveita í 75 ár

Áratuga reynsla starfsmanna Vélasölnnar og fjölbreytt vöruúrval, gerir Vélasölnuna að einu öflugasta þjónustufyrirtæki við sjávarútveg og iðnað á Íslandi.



## VÉLASALAN

Dugguvogi 4  
104 Reykjavík  
Sími, 520 0000  
www.velasalan.is

# Vélfræði 101



**GAMALL BÁRUFLEYGUR** Ætli dúraverndunarsamtök myndu ekki láta í sér heyra ef tekið yrði upp á því að framleiða þá með sama hætti og hér áður fyrr.

Í síðasta tölublaði Brimfaxes var bryddað upp á þeirri nýjung að safna saman gagnlegum upplýsingum varðandi umhirðu og viðhald báta ásamt ráðum sem geta komið sér vel ef útaf bregður.

## Litlar sjálfvirkar lensur

Nú er sá árstími að margir bátar eru á floti en stundum vill verða langt á milli eftirlitsferða. Í því sambandi er vert að benda þeim sem ekki vita nú þegar að til eru litlar sjálfvirkar lensidælur sem geta hreinsað allt regnatn úr bátum jafnóðum. Þær þarf að tengja á rafgeymi fram hjá höfuðrofa sem er í flestum tilfellum útsleginn þegar bátur er yfirgefinn. Dælan fer í gang og þreifur fyrir sér á 2,5 mínútna fresti í eina sekúndu í senn. Verði hún vör við viðnám á dæluhjól, dælir hún svo lengi sem þarf uns viðnám hættir. Straumnotkun er aðeins 0,20 amperstundir á dag á þessari vaktstillingu.

## Bárufleygur.

F. Ólaf Larsens—patent — Bølgedæmper, notaður um allan heim, — nr. 3 fyrir fiskiskip—nótabáta og opin skip er til sýnis hjá O. V. Gíslasyni, á ferðum hans, og geta þeir sem nota vilja »hinn fullkonnasta bárufleygur«, fengið að sjá hann, og svo pantað hann ef vilja.

Verkfærið er margreynt — lögboðið af »norskri Veritas«. Á hverju opnu skipi skyldi vera 1 þvilkur bárufleygur.

Dragið ekki að panta þá hjá

O. V. Gíslasyni.

## Auglýsing síðan 1892

Einnig er hægt að setja upp flotrofa sem gefur straum á aðvörunarljós utan á bátum, sem gefur til kynna að það þurfi að huga að einhverju um borð.

## Gamla góða barómetrið

Ef vafi leikur á hvort vélin fái nóg loft til brennslu og kælingar, er einfalt að ganga úr skugga um það. Flestir eiga barómet, en þau mæla í millibörum.

Barómetrið er sett niður í vélarrúm á fullri keyrslu undir álagi. Hríðfalli það er það ótvírætt merki þess að vélin sé svelt á lofti. Það getur orsakað háan afgangshita og kraftleysi. Lausnin er að bæta loftflæði til og frá vélarrúmi, t.d. með blásara.

## Bárufleygur/Ýlir/Öldulægir

Þeim fer fækkandi sem vita hvað bárufleygur er, öðru nafni ýlir eða öldulægir. Hér áður fyrr var hann engu að síður talinn einn mesti lífgjafi sjómanna við Ísland. Hér er lýsing á gripnum:

„...poki úr segldúk með bandi við og í pokanum trétappi og í hann sett lýsi.

Settur útbyrðis í brotsjó og dreginn á eftir skipinu eða hengdur á borðstokk. Smitaði þá lýsið út og lægði brotsjóina...”

Stendur ekki upp á íslenska hugvitsmenn að smíða nútímalega úgáfu af þessu þarfapingi?





# Handfæravörur

Minum á öfluga þjónustu Ísfells og gott úrval af vörum til handfæraveiða eins og rústfría handfærakróa. Hér fyrir ofan má sjá lítið brot af þeim vörum sem Ísfell býður fyrir handfæraveiðar. Í vörulistanum á [www.isfell.is](http://www.isfell.is) er að finna ítarlegar upplýsingar um allar vörur.

*Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!*

Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:

- Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddeyartangi
- Ísnet Sauðárkrúkur - Lägeyri 1
- Kristbjörg Ólafsfjörður - Pálsbergsgötu 1
- Ísfell / Ísnet Hafnarfjörður

ísnet



ÍSFELL

[www.isfell.is](http://www.isfell.is)

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • [isfell@isfell.is](mailto:isfell@isfell.is)



Hilde Rødås Johnsen hjá SALT:

# „Ruslveiðar“

## Norskt tilraunaverkefni

**F**rá janúar 2016 geta norskir sjómenn tekið þátt í tveggja ára tilraunaverkefni sem miðar að því að draga úr losun sorps í hafið.

Í dag er það almennt viðurkennd staðreynd að hið gífurlega magn sorps á og í heimshöfunum er stórt alþjóðlegt vandamál ógn við vistkerfi sjávar og sjávarlífverur hverskonar.

„Sorpveiðar“ voru fyrst kynntar til sögunnar af KIMO, samtök sem voru sérstaklega stofnuð með það að markmiði að fá fiskimenn til að færa allt rusl til lands svo hægt væri að meðhöndla það með viðeigandi aðferðum. Á strandsvæðum nokkurra Evrópulanda hafa samtök fiskimanna boðist til þátttöku.

Norskir fiskimenn munu sigla í kjölfar fiskimanna m.a. frá Skotlandi, Bretlandi og Hollandi með þátttöku í þessu átaki. Verkefninu er stjórnað af norsku Umhverfisstofnuninni, og er jafnframt hluti af skuldbindingum Noregs vegna OSPAR samkomulagsins (samtök 15 ríkja um verndun NA-Atlantshafsins). Árið 2010 var samþykkt á þeim vettvangi að aðildarlöndin myndu innleiða þetta verkefni heimafyrir.

Þegar þetta er skrifað hafa fjórar norskar hafnir ákveðið að taka þátt í verkefninu. Þetta eru hafnirnar í Tromsø, Ålesund, Egersund og Karmøy. Verkefnið gerir fiskimönnum kleift að skila án kostnaðar öllu rusli sem kemur sem „meðafli“ við þeirra hefðbundnu veiðar, hvort heldur plast eða tætlur af töpuðum veiðarfærum. Ruslinu verður safnað um borð í stóra poka sem merktir eru ruslveiðiverkefninu.

Fyrir smærri strandferðaskip verður komið upp losunaraðstöðu á landi.

Lögð verður mikil áhersla á að endurvinna sem allra mest af þessum úrgangi, m.a. í gegnum fyrirtæki sem hefur safnað ónýtum netum um allan Noreg til endurvinnslu. Í lok verkefnisins fá þeir fiskimenn sem þátt taka umhverfisstjórnun og gögn um hvað þeirra framlag var mikilsvert.

Verkefnið krefst samstarfs fiskiskipaflotans, hafna og fyrirtækja sem höndla með úrgang fyrirtækja. Umsjón er á hendi ráðgjafafyrirtækisins SALT, í umboði norsku Umhverfisstofnunarinnar. Í upphafi árs 2016 er stefnt að því að hafa minnst 20 skip sem þátttakendur og auka síðan smám saman fjölda skipanna. Reynslan sem þessi 2 ár mun byggja upp mun ráða úrslitum um það hvort norsk stjórnvöld gera verkefnið varanlegt.

Þessu frumkvæði hefur fram að þessu verið vel tekið hjá skipaflotanum sem og höfnum og samstarfsaðilum á öllum stigum. Sjávarútvegsráðherrann, Elisabeth Aspaker, hefur kynnt verkefnið sem mikilvægt framlag gagnvart mengun hafsins.



**Hilde Rødås Johnsen** starfsmaður SALT

Til að afla sér frekari upplýsinga um þetta verkefni er auðveldast að fara á Facebook og slá inn í leit: [fishing.for.litter.norway](https://www.facebook.com/fishing.for.litter.norway)

# Víst skiptir stærðin máli

einmitt þess vegna eigum við Sæplastker í öllum stærðum



65 Sæplast

160 Sæplast

310 Sæplast

380 Sæplast

460 Sæplast

660 Sæplast

1000 Sæplast

**sæplast**

HLUTI AF RPC GROUP

PUR

PE

SÆPLAST DALVÍK • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími: 460 5000 • [www.saeplast.com](http://www.saeplast.com)

RPC

© Sæplast er skrásett vörumerki RPC GROUP

# Háværasta dýr jarðar – miðað við stærð



**STEYPIREIÐUR ER STÆRSTA DÝR JARÐAR** og talinn geta orðið allt að 33 metra langur og vegið hátt í 200 tonn. Ekkert dýr á jörðu hér getur framleitt meiri hávaða, eða 188 db. Þrátt fyrir að vera 15 þúsund sinnum lengri en Vatnabátsmaðurinn er hávaðaframleiðslan aðeins um helmingi meiri í db talið.

Þegar við sitjum fyrir framan símfónuhljómsveit í góðum gír, framleiðir hún u.þ.b. 100 desíbela (db) hljóðstyrk. Flutningalest framleiðir um 80 db hávaða og þegar við tölum í eðlilegri tónhæð mælast um 70 db. Á öskrinu framleiðum við 82 db.

Ein af furðulegustu staðreyndunum úr dýraráríkinu er að háværaasta dýr jarðar – miðað við stærð – er agnarsmátt skordýr sem lifir víða í ám og vötnum bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Algengasta stærðin er um 2 mm og heitir „Water Boatman“ - Vatnabátsmaðurinn.



**„WATER BOATMAN“** – Vatnabátsmaðurinn, er um 2 millimetrar á lengd. Íslenski ættinginn er tjarnatítlan, sem er risavaxin í samanburði, þar sem hún getur orðið um 1 sm á lengd.

Íslenski fjölskyldumeðlimurinn er tjarnatítlan (ræðan), en hún getur orðið um 1 cm að stærð.

Hávaðinn sem þetta pínulitla kvikindi getur framleitt hefur mælst 99,2 db, eða litlu minna en símfónuhljómsveitin. Til allrar hamingju fyrir geðheilsu landdýra, stórra sem smárra, berst innan við 1% hljóðs uppúr vatni. Margir hafa reyndar heyrt í Vatnabátsmanninum, en tekið hann í misgripum fyrir önnur skordýr (krybbur) sem lifa á þurru landi og framleiða um 40 db hávaða með því að nudda saman vængjunum.

Það dýr jarðar sem mestan hávaða getur framleitt er steypireiðurinn, með 188 db. Það nægir til að sprengja hvaða hljóðhimnur sem er.

Þetta er þó fjarri lagi að vera það furðulegasta í málinu. Út yfir allan þjófabálk tók þegar í ljós kom að þennan feiknalega hávaða framleiðir Vatnabátsmaðurinn með því að nudda getnaðarlimnum við kviðinn á sér. Eðli máls samkvæmt er limur hans ekki mjög sver, eða sem samsvarar mannhári – en meiri á langveginn eins og hjá vonandi flestum. Vísindamenn standa á gati yfir því hvernig Vatnabátsmanninum tekst að framleiða annan eins hávaða með jafn fyrirferðalitlem tækjum.

Á meðan þeir eru að finna útúr því ættum við að vera þakklát fyrir að þessi aðferðafræði er ekki nauðsynleg fyrir trillukarla til að ná sér í maka.

# ERTU KLÁR Í NÆSTU SJÓFERÐ?

Öryggisfræðsla til sjómanna hefur forðað mörgum sjómönnum frá slysum.

Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari sjómanna hefur öryggisfræðslan sannað sig.

Allir sjómenn eiga að sækja grunnöryggisfræðslunámskeið og síðan endurmenntun á fimm ára fresti til að fá lögskráningu í skiprúm.

Þann 1. nóvember 2010 tóku gildi ný lögskráningalög þar sem sú breyting var á að lögskrá skal á öll skráningaskyld skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Ekki missa af næstu sjóferð vegna skorts á grunn- eða endurmenntunarnámskeiði í öryggismálum og skráðu þig í tíma á námskeið Slysavarnaskóla sjómanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

Allar fyrirspurnir um námskeið og skráningar eru í síma 562 4884 eða á netfangið saebjorg@landsbjorg.is



Umfjöllun: samanburður á nálgun Íslendinga og Nýfundnalendinga

## Lúðuveiðibannið

**E**inn furðulegasti gjörningur íslenskra stjórnvalda hin síðari ár í fiskveiðimálum er bann þeirra við „beinum lúðuveiðum“.

Hinn 1. janúar 2012 tóku gildi lög sem bönnuðu „beinar lúðuveiðar með svokallaðri haukalóð“ (lúðulínu). Í tilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins stóð eftirfarandi:

„Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar lagt bann við beinum lúðuveiðum með svokallaðri haukalóð. Bannið tekur gildi 1. janúar 2012. Lúðuveiðar eru ekki bundnar aflamarksstjórnun en mikill meirihluti aflans hefur að undanfögnu verið með línu og afli á sóknareiningu í dragnót og botnvörpu farið hratt minnkandi“.

Þeir sem til þekkja vita að stórlúðan veiðist á haukalóðina, gefi hún sig til á annað borð. Sjaldgæft er að smálúða festist á haukalóðina. Stórlúða í troll, net, fiskilínu og hvað þá á handfæri, heyrir til undantekninga – en mun algengara að smálúðan sé þar meðafli.

Þessi staðreynd truflaði þó hvorki ráðuneytið né Hafró. Til að bjarga lúðustofninum varð að stöðva þessa andskota sem voru á haukalóð – mest 11 smábáta sem reru yfir blá sumarið. Ekki nóg með það. Svo vandlega skal lúðunnar gætt að af því bærust fréttir í sumar að smábátur sem setti inn á fiskmarkað til uppboðs heil og slétt 8 kíló af lúðu (3 stykki) fékk hótun frá Fiskistofu um himinháar sektir og fangelsisvist. Hver sem er getur ímyndað sér hversu fúsir veiðimenn eru til að láta vita af því hvort þeir hafi slystast til þess að fá lúðulok eður ei.

Fyrir daga veiðibannsins hafði Hafrannsóknastofnun um langt árabil varað við beinni sókn í lúðu með haukalóð og hvatt ráðuneytið til að grípa til aðgerða. Það fáránlega við þessar tillögur er sú staðreynd að Hafrannsóknastofnun virðist ekki hafa haft minnstu áhyggjur af því að togarar, togbátar, dragnótabátar, línubátar og netabátar hafa alla tíð veitt smálúðu á stórum svæðum upp við ströndina. Enn þann dag í dag virðist þetta engu skipta. Oftar en ekki getur hver sem er farið útí fiskbúð í Reykjavík og keypt „lúðuflok“ sem eru 150 -200 grömm hvert flak. Það er á pari við rauðsprettuflökin, svo eitthvað sé tekið til samanburðar. 150 gramma flak af Atlantshafslúðu veldur semsé minni svefntruflunum vísindamanna en sú staðreynd að viðkomandi fiskur getur auðveldlega vaxið hundrafalt án nokkurra vandræða.

Það er lyginni líkast að kafa ofaní þau gögn sem ráðuneytið lagði til grundvallar lúðuveiðibanninu á sínum tíma. Orðrétt segir í tilkynningunni framangreindu:

„Í greinargerð hópsins kemur fram að vísitala lúðu í stofnmælingum lækkaði hratt á árunum frá 1985 til 1992, eða um 9/10 af því sem var í upphafi tímabilsins og hefur síðan verið í lágmarki. Tölur frá Hafrannsóknastofnuninni sýna að heildarafli lúðu, sem nú nemur árlega um 500 tonnum, er minni en verið hefur allt frá því 1905“.



**SMÁLÚÐA** Á Íslandi er bannað að veiða stórlúðuna „beint“ en við „óbeinum“ smálúðuveiðum er minna amast

Fyrir það fyrsta – í þessum texta eru fullgróðingar sem standast ekki einu sinni lágmarkskröfur um vísindalega nálgun þess sem er fjallað. Hvar er samanburður á „beinni sókn“ annarsvegar og „meðafli“ hinsvegar?

Í fljótu bragði virðist það eina sem vísindin og ráðamenn græddu á því að banna „beinar lúðuveiðar“ að nú er lúðan veidd og færð beint í frystikistur landsmanna eða gefin án þess að neitt frekar sé um það rætt.



**DAGINN SEM LÚÐUVEIÐIBANNIÐ VAR SETT Á:** Í því tilefni var þetta lúðufлак keypt út í fiskbúð. Þyngd: 147 grömm!



**Á STÍMI FYRIR AUSTAN.** Nokkrir smábátar af svipaðri stærð stunduðu hinar „skað“legu veiðar með haukalóð.

## Nýfundnalendingar fóru þveröfuga leið

Íslendingar eru ekki þeir einu sem veiða Atlantshafslúðu. Útbreiðslusvæði hennar er allt frá austurströnd Bandaríkanna suður undir New York fylki, norður undir Thule á Grænlandi vestanverðu og Svalbarða austan við og suður í Biskayaflóa til austurs.

Nýfundnalendingar veiða talsvert af Atlantshafslúðu. Ekki er svo ýkja langt síðan að þeir voru með svipaðar áhyggjur af viðkomu lúðustofnsins. Helstu veiðisvæði hennar eru sunnan og vestan við Nýfundnaland ásamt því að nokkur hundruð tonn af henni eru veidd í St. Lawrence sundinu.

Á Nýfundnalandi var ákeðið að grípa til tvennskonar aðgerða. Annarsvegar var skylt að

## Bátamálningarlína Slippfélagsins Umboðsmenn um land allt



Bestun Birmanns

Dugguvogi 4 Rvk - Borgartúni 22 Rvk - Dalshrauni 11 Sími 588 8000 Hfn - Gleráreyrum 2 Ak - slippfelagid.is



setja skiljur í togveiðarfæri svo smálúðan slyppi í gegn og þá voru línuveiðimenn skikkaðir til að sleppa allri lúðu sem er minni en 83 sm.

Fiskimenn eru sannfærðir um að skiljurnar hafi gert gæfumuninn. Fyrir 10 árum voru lúðuveiðarnar nánast bara að nafninu til en í dag er mikið af henni bæði sunnan og vestan við Nýfundnaland. Kvótinn hefur aukist um 400% á tiltölulega stuttum tíma og þrátt fyrir það eiga fiskimenn mjög auðvelt með að ná honum. Í dag geta þeir hæglega tekið kvótann á síðdegi sem gat tekið allt sumarið fyrir nokkrum árum. Sú sérkennilega staða er uppi varðandi ráðleggingar fiskifræðinga um lúðuveiðiheimildir, að þeir segja að óhætt sé að veiða talsvert meira en leyft er. Forsvarsmenn fiskimanna á svæðinu eru æfir yfir þessu, ekki síst vegna þess að verð á lúðunni hefur verið mjög hátt og því mikið í húfi tekjulega fyrir fiskimenn.

Fiskimenn eru sáttir við að sleppa lúðum undir þeim stærðarmörkum sem sett voru. Þeir telja sig vera að búa í haginn fyrir sjálfa sig og svo skiptir þetta þá litlu – þeir ná kvótanum sínum auðveldlega hvort eð er.

Rannsóknir sem byggja á radíómerkingum hafa sýnt að yfir 95% þeirra fiska sem er sleppt lifa góðu lífi.

Þetta er athyglisverð staða. Á Íslandi var ráðist á þann hluta lúðuveiðanna sem skilaði langstærstu fiskunum, en á Nýfundnalandi var gert stórt átak í því að komast hjá því að drepa smærri lúðuna. En ef að líkum lætur munu þessar upplýsingar engu breyta héraendis. Í nýjustu skýrslu Hafró um ástand og horfur er gefinn tónninn. „Uppbyggingin“ mun taka mörg ár enn. Því skal spáð hér að þessi „uppbygging“ mun mistakast. Svo lengi sem „meðafli“ á lúðu er látinn óáreittur (að öðru leyti en því að ef menn slysast til að setja hann á markað í staðinn fyrir frystikistuna heima fyrir) þá mun málið hjakka í sama farinu.



**Almanak**  
Háskóla Íslands  
2016

komið  
í helstu  
bókaverslanir  
um land allt.

Fæst einnig á:  
[www.almanak.is](http://www.almanak.is)

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N  
haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003

ÓSKUM ÖLLUM SJÓMÖNNUM GLEÐILEGRA  
JÓLA OG FARSÆLS KOMANDI ÁRS!



# Hvaðan kemur sú þrá?



**Á FAXAFLÓA.** Þeir voru frekar fáir dagarnir í sumar þar sem var svona slétt í sjóinn. Hlútur að verða skárri næst.

Tæpast er ég einn um að hafa velt vöngum yfir því hvað það er sem heillar við að róa litum bát á haf út til þess að draga fisk úr sjó. Frá unga aldri hefur tilhugsunin ein sett taugakerfi mitt úr skorðum, sér í lagi ef langt er um liðið.

Fyrir löngu las ég á þessu djúpvitra skýringu: lífið kviknaði í hafinu og því genatísk tenging, „heimþrá“ eins og hjá laxi sem leitar að ánni sinni.

Þetta er langsótt. Ef taka ætti kenninguna á orðinu, væri þá ekki beinlínis til vandræða í hinu daglega samfélagi genatísk þörf á því að sveifla sér í trjám að hætti apa, svo miklu nær sem þeir eiga að standa okkur í ættartrénu.

Það er ekki sjálfsagt fyrir mannskepnuna að standa á fljótandi fari, hvort heldur á sjó, ám eða vötnum. Fjölmargir verða svo veikir að þeir beinlínis óska sér dauða. Til allrar hamingju „sjóast“ flestir, hafi þeir þrautseigju til. Löngun mannsins til að yfirvinna aðstæður hafa oftast en ekki vinninginn.

Ég tel skýringuna mun einfaldari. Hafið heillar, hvort heldur í ham eða logni. Maðurinn hefur

hræðst það og þráð, dáðst að mætti þess og umfangi, gjafmildi og heimtufrekju. Eitt sinn var það orðað svo að Drottinn gæfi og tæki. Í tilfelli Íslendinga má segja að hafið gefi og taki.

Sumt er snúnara en annað að setja í orð. Eftir allar vangavelturnar get ég ekki gert betur en þetta: sú yfirþyrmandi tilfinning sem heltekur mann við að standa í báti úti á rúmsjó á lognsléttum degi og sjá kviðbjarta þorska byltast um við borðstokkinn fyllir hug og hjarta yfirþyrmandi fullnægju og gleði. Þessi tilfinning hefur enn ekki verið meitluð í stein af heimsins mestu orðsnillingum. Og þeir sannarlega reynt.

Í fyrsta skipti á minni veiðimannsævi gerðist það í sumar að ég gafst upp. Ég er ekki með þolinmóðari mönnum, en ég er framarlega í flokki þrákálfa. Um mánaðamótin júlí / ágúst var ég búinn að lemjast um í Faxaflóanum frá því í maímánuði með þeim árangri að hafa dregið um 5 tonn úr sjó.

Ég tók þá ákvörðun að hætta og snúa mér að öðrum hugðarefnum. Nú eru fjórir mánuðir liðnir. Báturinn á floti, kallar á umhirðu, snjó-mokstur og vöktun vegna stormviðvarana.

Uppgjafartilfinningin er horfin. Þráin eftir því komast á Baulurifið, Syðra-Hraunið og Pungvasann ólgar í brjósti mér. Þegar ég fer um borð sest ég í stýrishúsið, lygni augum og fer í róður. Alltaf með skammtinn af boltaporski.

Íslenska þjóðin þarf að halda þeim möguleika opnum fyrir komandi kynslóðir að þær geti upplifað þessa unaðstilfinningu. Síðasta vígið er strandveiðikerfið.

Stjórnvöldum er í lófa lagið að búa það þannig úr garði að í framtíðinni alist þar upp hugumstórir sjósóknarar. Allt sem þarf er skilningur ráðamanna og vilji þeirra til verka.

**Arthur Bogason**

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.



Við sendum smábátæigendum og landsmönnum öllum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár

Baader Ísland ehf  
Fiskifélag Íslands  
Fiskmarkaður Patreksfjarðar  
Fiskmarkaður Suðurnesja hf  
Fiskvinnslan Íslandssaga hf  
Fjallabyggð  
Ísfélag Vestmannaeyja hf

Rafgeymasalan  
Raftíðni ehf  
Síldarvinnslan hf  
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur  
Sjómannafélag Eyjafjarðar  
Sjómannasamband Íslands  
Stakkavík ehf

Tálknafjarðarhreppur  
Vísir hf  
Vopnafjarðarhreppur  
Landhelgisgæsla Íslands



# FENGSÆLAR ÁKVARÐANIR BYGGJA Á SÉRÞEKkingu

Við tókum ákvörðun:  
**Að veita bestu bankaþjónustu  
á Íslandi** svo þú eigir auðveldara  
með að taka þínar ákvarðanir

Réttar ákvarðanir eru lykillinn að góðum árangri fyrirtækja. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í þær ákvarðanir sem þú stendur frammi fyrir í rekstrinum og þótt við þekkjum viðfangsefnið ekki jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu af þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við veitt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar bankaþjónustu sem styður reksturinn.

Hallgrímur Magnús Sigurjónsson er  
útibússtjóri Íslandsbanka á Ísafirði

Þekking sprettur af áhuga.

